

# HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA



## ÁRSSKÝRSLA 2012

## **Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2012 - 2013**

<b>Formaður:</b>	<b>Jóhanna S. Kristjánsdóttir</b>
<b>Varaformaður:</b>	<b>Hermann Aðalsteinsson</b>
<b>Ritari:</b>	<b>Halldóra Gunnarsdóttir</b>
<b>Gjaldkeri:</b>	<b>Jóakim Júliusson</b>
<b>Meðstjórnendur:</b>	<b>Birna Davíðsdóttir</b> <b>Pétur Þórir Gunnarsson</b> <i>Olga Fríðriksdóttir</i>
<b>Varamenn í stjórn:</b>	<b>Einar Ingi Hermannsson</b> <b>Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir</b> <b>Hörður Benónýsson</b>

# Skýrsla stjórnar HSþ



## Kærð félagar

Hjartanlega velkomin á ársþing HSþ sem haldið er á Grenivík 10. mars 2013.

Þegar horft er til baka til ársins 2012 er margs að minnast. Mörg verkefni hafa verið unnin og undirbúningur hafinn að stórum verkefnum sem fram undan eru hjá sambandinu. Stjórn HSþ hefur ekki setið auðum höndum og hefur komið saman einu sinni í mánuði víðs vegar um héraðið og fundað með mörgum aðildarfélögum auk nefnda HSþ á árinu.

## Formannafundur

Í lok maí var haldinn formannafundur og var hann mun betur sóttur en síðustu ár. Á fundinn fengum við góða gesti frá UMFÍ, þá Sæmund Runólfsson, framkvæmdastjóra og Ómar Braga Stefánsson, landsfulltrúa. Farið var yfir hlutverk HSþ og mikilvægi ársþinga og aðalfunda félaga. Einnig var formannafundurinn upplýsingafundur um starf nefnda og ráðs HSþ.

HSþ er eitt af íþróttahéruðunum sem starfa samkvæmt lögum frá Alþingi allra landsmanna. Líkja má HSþ sem „millistykki“ milli aðildarfélaganna við UMFÍ og ÍSÍ. Með því að félag sé með aðild að HSþ þá öðlast það aðild að fyrrgreindum UMFÍ og ÍSÍ. Þannig fá félögin keppnisrétt á mótum sem fara bæði fram innan héraðs sem og á landsvísu. Að öðrum kosti hafa félögin ekki keppnisrétt, en geta sinnt áhugamálum sínum heima fyrir, en ekki í keppni og félagsskap við önnur félög sem hafa aðild að samböndunum. Þau félög sem hafa aðild tilheyra félagsskap sem hefur sameiginlega hagsmuni og þurfa að fylgja nokkurs konar „umferðarreglum“ sem stjórnir allra aðildarfélaga þurfa að hafa þekkingu á. Þannig þurfum við öll að fylgja eftir lögum og reglum UMFÍ og ÍSÍ.

Á formannafundinum kom einnig ósk um að útfæra betur kjör íþróttamanns HSþ. Áður komu einungis tilnefningar frá íþróttanefndum og sérráðum HSþ og er það samkvæmt reglugerð HSþ um kjör íþróttamanns HSþ. Nú var farin sú leið að óska eftir tilnefningum frá öllum aðildarfélögum HSþ og verða því mun fleiri íþróttamenn krýndir hér á eftir. Mikil umræða var í stjórn um hvernig best væri að útfæra kjörið á íþróttamanni HSþ og töldum við þetta vænsta kostinn eins og er. Hins vegar má þroa kjörið áfram eins og allt gott starf og betrum bæta á komandi árum.

## Fundir og námskeið

Stjórnarmenn HSþ sóttu íþróttapring ÍSÍ, formannafund UMFÍ og ÍSÍ, sambandsráðsfund UMFÍ, auk annarra óformlegri funda og samstarfs við UMFÍ og ÍSÍ. Formaður HSþ situr í Lýðheilsu- og forvarnanefnd UMFÍ, ritari HSþ er í menningarnefnd UMFÍ auk þess að vera formaður í starfsíþróttaráði UMFÍ og Ingólfur Sigfússon er í tölvunefnd UMFÍ.

Á haustdögum var haldinn opinn fundur um barna- og unglingastefnu ÍSÍ bæði á Kópaskeri og á Stórunum. Viðar Sigurjónsson var framsögumaður og kynnti stefnuna. Tvær tilraunir þurfti svo til að halda námskeiðið „Verndum þau“ sem var á vegum Æskulýðsvettvangsins. Í fyrra skiptið þurfti að aflýsa vegna ónægrar þáttöku, en síðan tókst að halda námskeiðið bæði á Húsavík og Þórshöfn í lok nóvember. Ánægjulegt var hve góð aðsókn var á námskeiðið á Þórshöfn, en hefði mátt vera mun meiri á Húsavík.

## Nefndir

Sjö nefndir voru starfandi á árinu, en það voru unglingslandsmótsnefnd, knattspyrnunefnd, sundnefnd, sögu- og minjanefnd, landsmótsnefnd, afmælisnefnd og almenningsíþróttanefnd. Einungis eitt ráð var starfandi á starfsárinu og var það frjálsíþróttaráð. Haldin voru héraðsmót í fjálsum og sundi, en héraðsmótið í fótbolta féll niður vegna dræmrar þáttöku. Frjálsíþróttaráð stóð fyrir frjálsíþróttaskóla UMFÍ á Laugum sumarið 2012 fyrir ungmanni á aldrinum 11-18 ára, auk fjölmargra annarra verkefna. Almenningsíþróttanefnd létt útbúa plakat sem bar yfirskriftina „Viltu hreyfa þig í Þingeyjarsýslum?“. Þar komu fram upplýsingar um sundlaugar, golfvelli, gönguhópa og fleira sem almenningur getur nýtt sér til hreyfingar í Þingeyjarsýslum. Plakatið var hengt upp víðs vegar um starfsvæði HSP.

Almenningsíþróttanefndin kom einnig að verkefninu „Fjölskyldan á fjallið“. Fjöll HSP árið 2012 í verkefninu voru Hálshnjúkur í Fnjóskadal og Viðarfjall við Þistilfjörð. Samstarfsaðili verkefnisins í norðursýslunni var Ferðafélagið Norðurslóð. Sögu- og minjanefnd er að vinna að söfnun og varðveislu gagna gamla HSP og UNP. Gögnin eru geymd í íþróttahúsini á Laugum. Landsmótsnefndin boðaði til fundar með tengiliðum íþróttagreina á haustdögum, en undirbúningur að þáttöku HSP á landsmóti UMFÍ á Selfossi í sumar er í fullum gangi. Unglingalandsmótsnefndin hélt utan um allt sem viðkom þáttöku HSP á unglalingalandsmótinu á Selfossi 2012, en þar áttum við fríðan hóp þáttakenda.

Afmælisnefndin hóf störf á árinu 2012 og hefur sett ýmsar tillögur að viðburðum fyrir árið 2014 niður á blað og haft samband við ýmsa aðila um samstarf á afmælisárinu.

Formaður HSP og Hjálmar Bogi Hafliðason, sveitarstjórnarmaður Norðurbings, fóru á fund stjórnar UMFÍ til að fylgja eftir umsókn HSP um Landsmót 50+ fyrir árið 2014. Á unglalingalandsmótinu á Selfossi var svo tilkynnt hverjum hefði verið úthlutað landsmótið 50+ og vorum við svo lánsöm í þetta skiptið að fá að halda mótið árið 2014 á aldarafmæli HSP. Landsmótsnefnd 50+ hefur verið skipuð og er búin að halda sinn fyrsta fund. Fyrirhugað er að landsmót 50+ verði haldið í júní árið 2014 á Húsavík og einnig að hluta til á Laugum. Ljóst er að við þurfum öll að taka höndum saman um að gera þennan viðburð eftirminnilegan eins og Þingeyingum sæmir. Með samtakamættinum eיגum við að geta haldið glæsilegt og skemmtilegt landsmót 50+.

## Sjóðir

Þrír sjóðir er starfræktir undir merkjum HSP, það eru fræðslu-, afreksmanna- og aksturssjóður. Þeim tveimur síðarnefndu gengur erfiðlega að fjármagna sig en þeir er háðir styrkjum. Vonandi verða vindarnir okkur hagstæðir á þessu starfsári, en vonir standa til að þessir sjóðir eflist og muni halda starfi sínu áfram. Það hefur reynst mörgum foreldrum ómetanlegt að geta sótt í aksturssjóðinn svo að börn þeirra geti stundað íþrótt sína ef hún er ekki stunduð í heimafélaginu. Því er mikilvægt að ná inn góðum styrktaraðilum aftur í aksturssjóðinn. Fræðslusjóður HSP styrkti 11 einstaklinga á árinu 2012. Styrkirnir voru veittir til þjálfaramenntunar í fimleikum, sundi og knattspyrnu hjá Völsungi. Engin önnur aðildarfélög HSP sóttu um styrki í sjóðinn.

HSP og Landflutningar-Samskip gerðu með sér samkomulag í desember um „Gleðigjafir“ sem mun gilda til þriggja ára. Samkomulagið gengur út á að allt andvirði af flutningsgjöldum vegna jólagjafasendinga með Landflutningum-Samskip heima úr héraði mun renna til barna og unglingastarfs á starfssvæði HSP. Fyrir árið 2012 rann andvirði flutningskostnaðar vegna 274 jólagjafasendinga til HSP.

Á árinu 2012 innheimti Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) kr. 1.000,- á hvern frjálsíþróttaiðkanda í landinu. Innheimt var samkvæmt skráningu félaganna í Felix. Í ljós kom

að félög innan HSP höfðu ofskráð iðkendafjölda í Felix og þurfti HSP því að borga um helmingi hærra gjald til FRÍ. Reynt var að semja við FRÍ um lægri og raunhæfari iðkendatölu, en var það ekki sampykkt hjá FRÍ. Því er ljóst að þeir sem skrá í Felix fyrir félög sín þurfa að vanda sig og huga vel að því að skrá rétt. Þeir sem eru iðkendur eru þeir sem æfa og keppa fyrir félagið í viðkomandi grein, svo eru aðrir sem eru skráðir félagar en eru ekki að æfa íþrótt heldur taka þátt í öðrum hlutum starfsins. Það er miður þegar fjármunir okkar fara í að greiða ýmsan skatt sem okkur ekki ber vegna þess að skráning er ekki rétt hjá félögum okkar.

### Ánægjuvogin

Rannsóknir og greining gerðu könnun meðal ungmenna í 8. – 10. bekk sem stunda íþróttir innan UMFÍ og ÍSÍ. Hvert íþróttahérað fékk svo skýrslu um sitt herað. Þar kemur m.a. í ljós að 53% drengja stunda æfingar með íþróttafélagi á vegum HSP og 47% stúlkna. Það sem bar í milli hjá okkar íþróttakrökkum og svo landinu í heild sinni var að þau voru ekki eins ánægð með æfingaaðstöðuna og hættu frekar að stunda íþrótt sína vegna samgangna. Einnig kom fram að ungmennin innan HSP á þessu aldursbili höfðu hlutfallslega mun fleiri orðið ölvuð síðustu 30 daga, bæði meðal þeirra sem stunda íþróttir og þeirra sem ekki stunda íþróttir. Tóbaksneysla var sambærileg við landið í heild sinni, nema neftóbaksneyslan, þar höfðu ungmenni HSP sem stunda íþróttir hlutfallslega notað meira neftóbak.

Verkefnin eru ærin og skemmtilegt landsmótssumar er framundan, en í júní verður landsmót 50+ í Vík í Mýrdal, í júlí verður „stóra landsmótið“ á Selfossi og um verslunarmannahelgina verður unglingslandsmót á Höfn í Hornafirði.

Kæru félagar, fyrir hönd stjórnar HSP þakka ég fyrir skemmtilegt og viðburðarárík ár 2012 og hlakka til samstarfs á því nýja.

Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
formaður HSP

### Stjórn HSP 2012

Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Umf. Geisla, formaður

Hermann Aðalsteinsson, Skákfélaginu Goðanum, varaformaður

Jóakim Júlíusson, Íþf. Völsungi, gjaldkeri

Halldóra Gunnarsdóttir, Umf. Langnesinga, ritari

Birna Davíðsdóttir, Umf. Bjarma, meðstjórnandi

Olga Friðriksdóttir, Umf. Austra, meðstjórnandi

Pétur Þórir Gunnarsson, Mývetningi, meðstjórnandi

Einar Ingi Hermannsson, Umf. Einingunni, varamaður

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir, Umf. Leifi heppna, varamaður

Hörður Þór Benónýsson, Umf. Eflingu, varamaður

Framkvæmdastjóri HSP er  
Elín Sigurborg Harðardóttir.



#### Stjórn HSP

Aftari röð frá vinstri:

Halldóra, Jóakim, Einar Ingi,  
Hermann og Elín.

Fremri röð frá vinstri:

Olga, Birna, Pétur Þórir og Jóhanna.

Á myndina vantar Sigurfljóð og Hörð.

Afmælisnefnd 2014

## Nefndina skipa:

Haraldur Þóasson, Umf. Eflingu

Stefán Eggertsson, Umf. Aftureldingu

Hólmfríður Halldórsdóttir, Umf. Snerti

Nefndin kom saman 18. júní á Kópaskeri ásamt Olgu Friðriksdóttur frá stjórn HSP. Rætt um fyrirkomulag afmælishátiðar en engin ákvörðun tekin.

Nefndin taldi að ein stór menningarsamkoma á Laugum væri við hæfi þó líka væri hægt að minnast tímamótanna yið öll tækifæri sem HSP kæmi að.

Umsókn HSP á landsmóti 50+ mun skipta máli.

Haraldur Bóasson

## Almenningsíþróttanefnd

Í nefndinni voru:

Torfhildur G. Sigurðardóttir, Umf. Bjarma

Helen Jónsdóttir, Umf. Bjarma

Stefán Viðar Sigtryggsson, Umf. Leifi heppna

Nefndin hittist tvisvar sinnum. Ákveðið eftir miklar vangaveltur hvað væri helst að gera til að ná til almennings og hvetja til hreyfingar. Nefndarmenn skiptu með sér verkum þannig að hver nefndarmaður hafði samband við formenn aðildarfélaga á sínu svæði eða aðra sem hefðu eitthvað með hreyfingu að gera. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að það var afar mismikið í gangi hjá félögunum en alls staðar var bó eitthvað að gerast.

Þar sem þetta svæði er mjög víðfeðmt þá var ákveðið að gefa út veggspjald með þessum upplýsingum og dreifa því um héraðið.

Veggspjaldinu er ætlað að vekja athygli á því sem almenningi stendur til boða, vilji fólk breyfa sig í bingeviarsýlum.

Auk þessa fékk nefndin það hlutverk að velja tvö fjöll, annað í norðursýslu og hitt í suðursýslum fíallíð).



í þingeyjarsýslum?

Sundlaugar 2

Grenzlinie  
Bugsazdaří Projektadál  
Storženjatnáški / Nézőkész  
Laugur Reykjadaði  
Hafnarfjörður Adalssíði  
Heilabjörk Reykjanesvært  
Reykjavíkshóll Myvatnssauði  
Höfn  
Lundur Ósannar-đi  
Raubartólf  
Sæbækhús

Golfvellið  
Hverfimannaháskóli Þjóðveldis

### Summary

<b>Sundung</b>	Autoflyktar i Västergötland
<b>Pedestring</b>	Pedestringar vid vandringsleder i Västergötland
<b>Kulturstörelse</b>	Spår av kulturstörelse i Västergötland
<b>Bräggung</b>	Bräggung i Västergötland
<b>Frånvaron</b>	Frånvaron vid vandringsleder i Västergötland
<b>Ljusarevemärke</b>	Ljusarevemärke vid vandringsleder
<b>Vejlaknader</b>	Vejlaknader vid vandringsleder
<b>Sundung</b>	Sundung vid vandringsleder
<b>Hundung</b>	Hundung vid vandringsleder i Västergötland
<b>Möglunda</b>	Möglunda vid vandringsleder
<b>Höglunda</b>	Höglunda vid vandringsleder
<b>Stora Odens</b>	Stora Odens vid vandringsleder
<b>Klingsörgel</b>	Klingsörgel vid vandringsleder
<b>Nägeln</b>	Nägeln vid vandringsleder
<b>Möglundagård</b>	Möglundagård vid vandringsleder
<b>Vägmerkstolmen</b>	Vägmerkstolmen i Laxå

347/35000-6

<b>Überführbar</b>	<b>Nichtüberführbar</b>
Autobahn	
Autobahn + regionale Schnellstraßen	
Kontrollen:	
Peripherie-/Vorortstraßen	
gegeneinander	
Handlung (Land)	
Kontrollen (Autog)	
<b>Kontrollfahrzeuge</b>	
Handlung	
<b>Präzisionsfahrt</b>	
Handlung	
<b>HSt</b>	

## F.h. almenningsíþróttanefndar HSP Torfhildur G. Sigurðardóttir

## Frjálsíþróttaráð

Fyrsti aðalfundur frjálsíþróttaráðs HSÞ, samkvæmt lögum um slík ráð, sem voru samþykkt á ársþingi HSÞ 2011, var haldinn í apríl 2012 á Húsavík. Þar var m.a. kosið í stjórn ráðsins.

Formaður:

Friðrika Björk Illugadóttir, Umf. Efling

Meðstjórnendur:

Arna Ásgeirs dóttir, Íþf. Völsungur

Ágústa Pálsdóttir, Völsungur/ Umf. Eining

Hulda Elín Skarphéðinsdóttir, Umf. Eining

Sigþrúður Stella Jóhannesdóttir,

Umf. Leifur heppni

Árið 2012 er liðið en hér verður rífað upp það helsta sem gerðist á vettvangi frjálsíþróttar hjá HSÞ á árinu.

Í upphafi árs skipti Hafdí Sigurðardóttur um félag og fór yfir til UFA en þar hafði hún æft um allnokkurt skeið. Við í HSÞ kveðjum þessa frábæru fyrirmynnd okkar og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Þorsteinn Ingvarsson glímdi áfram við meiðsl á fyrri hluta ársins en þegar leið á árið dró hann aftur fram keppnisskóna og verður þess skammt að bíða að hann láti aftur til sín taka á keppnisvellinum.

Frjálsíþróttæfingar eru haldnar tvisvar í viku allt árið nema í september en þá er tekið frí frá æfingum. Á sumrin fara æfingar fram á Laugum og sameinast krakkarnir í bíla frá Húsavík. Einnig koma krakkar úr Kelduhverfi og frá Kópaskeri. Á veturna eru æfingar í íþróttahöllinni á Húsavík en þá er bæði boðið upp á æfingar fyrir 10 ára og eldri og 9 ára og yngri. Í sumar var einnig sú nýbreytni að bjóða upp á æfingar tvisvar í viku á Laugum fyrir yngri krakka. Fjöldi iðkenda hefur aukist í yngri flokkunum síðustu ár og er það mjög skemmtilegt. Sem fyrr er það Jón Friðrik Benónýsson sem hefur veg og vanda að þjálfun eldri krakkana en Selmdís Þráinsdóttir var honum til aðstoðar ásamt því að þjálfa yngri krakkana í fyrravetur og sumar. Í veturna hafa þau Jana Björg Róberts dóttir og Hjörvar Gunnarsson þjálfað yngri krakkana auk þess sem Hjörvar hefur farið í nokkur skipti og haldið æfingar á Raufarhöfn í veturn. Í upphafi ársins voru haldnar æfingabúðir á Laugum. Tókust þær mjög vel og undirbjuggu krakkana fyrir komandi mótt.

HSÞ sendi keppendur á allnokkur mótt á síðastliðnu ári. Fyrst er þar að nefna Stórmót ÍR sem haldið var í Reykjavík í janúar. Farið var með rútu og tók ferðin langan tíma vegna hálku og hvassviðris. Keppendur HSÞ sem voru 20 talsins létu það ekki aftra sér og áttu góða daga á mótinu og komu heim með 3 gull, 7 silfur og 3 brons. Mí 15-22 ára var haldið í Reykjavík í febrúar. Þangað fóru 8 keppendur frá

HSÞ og komu heim með 2 gull, 7 silfur og 4 brons. Mí 11-14 ára var einnig haldið í Reykjavík í febrúar. Þar átti HSÞ 12 keppendur sem komu heim með 1 gull, 4 silfur og 2 brons. Í lok júní var Mí 11-14 ára utanhúss haldið í Reykjavík og fóru þangað 9 keppendur frá HSÞ sem uppskáru 1 gull, 3 silfur og 1 brons. Sjö keppendur fóru á eigin vegum á Akureyrarmót UFA í júlí og komu þaðan með 1 gull, 4 silfur og 1 brons.




Unglingalandsmót UMFÍ var haldið að venju um Verslunarmannahelgina. Að þessu sinni var það á Selfossi og var mótið það fjölmennasta frá upphafi. Vaskur hópur fór á mótið frá HSP, alls 42 keppendur í hinum ýmsu greinum, þar af 24 í frjálsum íþróttum. Aðstaða á mótinu var til fyrirmynnar og veðrið lék við mótshesti. HSP keppendur stóðu sig vel í keppni og voru auk þess til fyrirmynnar utan keppnisvallar. Keppendur í frjálsum íþróttum komu heim með 15 verðlaun, 2 gull, 5 silfur og 8 brons. Mí 15-22 ára utanhúss var haldið á Höfn í Hornafirði í ágúst. Þangað fóru 5 keppendur sem stóðu sig með stakri prýði. Þau komu heim með 3 gull, 4 silfur og 3 brons en geta má þess að Elvar Baldvinsson varð þrefaldur Íslandsmeistari á mótinu. Elvar var síðan eini keppandi HSP á Silfurleikum ÍR sem haldnir voru í Reykjavík í nóvember. Þar kepti hann í 3 greinum og sigraði í þeim öllum. Eins og af þessari upptalningu sést þá stóðu krakkarnir sig frábærlega. Hafa verður einnig í huga að fara þarf um langan veg til að taka þátt í flestum stóru móturnum. Það tekur tíma og kostar sitt.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Laugum dagana 11.-15. júní. Alls tóku 15 krakkar af starfssvæði HSP þátt á aldrinum 11 - 14 ára. Þetta var flottur hópur krakka og gekk allt mjög vel fyrir sig. Íþróttæfingar voru tvívar á dag auk þess sem farið var í sund, fótbalta, útileiki og fleira. Þjálfarar voru Brói, Selmdís og Andri Hnikarr en foreldrar skiptust á að sjá um matarundirbúning og viðveru.

HSP hélt sem fyrr fjögur móti á árinu. Í mars fór fram eins dags móti á Húsavík. Þar tóku 54 keppendur þátt frá 5 félögum. Vegna veðurs komust ekki keppendur frá Ungmennafélagi Langnesinga og UMSE. Sumarleikar voru haldnir á Laugum helgina 23.-24. júní. Leikarnir tókust mjög vel og veðrið lék við mótshesti alla helgina. Mótið var lítið eitt fámennara en mótið síðustu ára en 136 keppendur frá 7 félögum tóku þátt. Stutt íþróttamót var haldið á Laugum þann 31. ágúst en þá var einnig haldið lokahóf sumarsins. Í lokahófinu voru afhentir bikarar til stigahæstu einstaklinga HSP á Sumarleikunum en þá fengu Arna Dröfn Sigurðardóttir fyrir hástökk og Brynjar Örn Arnarsson fyrir 100 m grindahlaup. Nóvembermótið var haldið í Íþróttahöllinni 25. nóvember en hafði þá freast um eina viku vegna slæms veðurs og ófærðar. Keppendur voru um 50 talsins frá 8 félögum af svæðinu.

Frjálsíþróttaráðið lét framleiða fyrir sig íþrótttagalla og voru þeir tilbúnir rétt fyrir Unglingalandsmót UMFÍ. Það var því glæsilegur hópur frá HSP sem gekk inn á völlinn á Selfossi.

Hér hefur verið farið yfir það helsta sem gerðist á vettvangi frjálsíþróttar HSP á árinu. Við viljum þakka öllum þeim hafa aðstoðað okkur með einum eða öðrum hætti á árinu, krökkunum fyrir dugnað og skemmtilegar stundir, foreldrum og öðrum aðstandendum fyrir alla hjálpinu í tengslum við móti, æfingabúðir og mótsferðir og þjálfurum fyrir gott framlag.



Frjálsíþróttaráð HSP

## Fræðslusjóður

Stjórn HSP annast úthlutanir úr fræðslusjóði. Markmið sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með öllum þeim ráðum sem stjórn sambandsins álítur íþrótta- og félagslífi í héraði til framdráttar.

Samtals voru veittir styrkir að upphær kr. 76.500.

Eftirtaldir fengu styrk úr fræðslusjóði HSP árið 2012:

- Fimleikadeild Völsungs v/ A-stigs námskeiðs ÍSÍ
  - Magnea Ósk Örvarsdóttir, Jónína Rut Agnarsdóttir, Elma Rún Práinsdóttir og Þóra Kristín Sigurðardóttir
- Sunddeild Völsungs v/ 1. stigs þjálfaramenntunar ÍSÍ
  - Valgerður Jósefsdóttir
- Íþróttafélagið Völsungur v/ 1.stigs þjálfaranámskeiðs KSÍ
  - Dagbjört Ingvarsdóttir, Ásgeir Sigurgeirsson og Kjartan Páll Þórarinsson
- Íþróttafélagið Völsungur v/ 2.stigs þjálfaranámskeiðs KSÍ
  - Arnþór Hermannsson, Guðni Már Kjartansson og Aðalsteinn Jóhann Friðriksson

## Landsmótsnefnd vegna landsmóts UMFÍ 2013

Í nefndinni eru:

Halldóra Gunnarsdóttir, Umf. Langnesinga  
Ingólfur Víðir Ingólfsson Umf. Einingunni,  
Kristján Þ. Halldórsson, Umf. Snerti,  
Jóhanna Kristjánsdóttir, Umf. Geisla  
Jóakim Júlíusson, Íþf. Völsungi

Nú eru fjórir mánuðir fram að landsmóti UMFÍ, sem nefnt hefur verið *stóra landsmótið* hin síðari ár, en það verður haldið 4. – 7. júlí næstkomandi á Selfossi.

Keppnisgreinar á landsmótinu eru **badminton, blak, boccia** (opin þátttaka), **borðtennis, bridðs** (senda má tvær sveitir), **dans, fimleikar**, (senda má tvö lið), **frjálsíþróttir, glíma, golf, götuuhlaup 10 km** (opin þátttaka), **handknattleikur, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, júdó, knattspyrna, kraftlyftingar, körfuknattleikur, mótorcross, pútt** (opin golf), **skák** (senda má tvær sveitir), **skotfimi, starfsíþróttir, sund og taekwondo**.

Almenna reglan er sú að senda má fjóra keppendur í einstaklingsgreinar og eitt lið í hópíþróttagreinar. Undantekningar eru í sviga.

Nefndarmenn skiptu keppnisgreinunum á milli sín og hafa fundið tengiliði við einstakar greinar í héraði. Haldinn var fundur með tengiliðunum sl. haust þar sem miðlað var upplýsingum á báða bóga og landsmótsandinn efldur.

Í stigakeppni mótsins ætlum við að keppa við sambönd af svipaðri stærð og HSP, þá helst við nágranna okkar til austurs og vestur.

Nefndin vonast til þess að þingeyingar mæti öflugir til leiks á landsmótinu með fríðu föruneysti og sýni hvers þeir eru megnugir.



## Sundnefnd

Sundstarfið hefur verið með hefðbundnu sniði. Krakkarnir hafa sótt eftirfarandi sundmót og aðra viðburði:

KR móti Reykjavík 10.-12. febrúar

Páskamót á Húsavík 31. mars

Lionsmóti Ránar á Dalvík 12. maí

Uppskeruhátíð Húsavík 1. júní

Verðlaunafhending héraðsmóts og pizzaveisla á Húsavík 7. nóvember

Jólamót Óðins á Akureyri 8. desember.

Þess má geta að krakkarnir stóðu sig öll mjög vel á þessum mótaum og bættu mörg hver tímana sína. Þann 9. júní fóru 6 stelpur úr eldri hóp sunddeildarinnar, ásamt þjálfara, farastjóra og tveimur mömmum til Calella á Spáni í æfingabúðir. Calella er lítill bær í um klukkustundar fjarðlægð frá Barcelona og státar af útilaug sem er 50x25 metrar af stærð og var við hliðina á hótelinu okkar. Æft var tvívar sinnum á dag í two tíma í senn og lærðu stelpurnar fullt af nýjum æfingum sem sumar er ekki hægt að gera í litlu lauginni okkar hér á Húsavík. Á meðan dvöl okkar stóð voru einnig börn frá Rússlandi, Svíðþjóð, Finnlandi og Færeyjum við æfingar. Á milli æfinga var bærinn, búðirnar og ströndin skoðuð og einn daginn var farið í vatnsleikjargarð. Það voru því alsaelar en örþreyttar stelpur sem komu heim að morgni 17. júní eftir 12 tíma ferðalag frá Spáni.

Haustið byrjaði með svipuðu sniði og venjulega, aukning er á iðkendum sem sést best á því að á héraðsmótinu í sundi, sem var haldið 13. október tóku rúmlega 30 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Austra á Raufarhöfn. Völsungur vann stigakeppnina.

Stigahæst í kvennaflokkni var

Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi en enginn karlaþáttakandi uppfyllti þau skilyrði um karlabikarinn sem reglur um þáttöku segja til um.

Valdís var einnig valin sundmaður Völsungs og HSþ.

Verðlaunafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 7. nóvember, þar mættu börnin borðuðu saman pizzu og skemmtu sér vel undir stjórn þjálfara.



Æfingar eru á Laugum tvívar í viku og sjá Valdís Jósefsdóttir og Patrycja María Reimus um þær. 20 börn frá félögunum Eflingu og Geisla æfa á Laugum tvívar í viku. Eldri stúlkurnar úr Völsungi eru með þeim á æfingum einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu., Henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru: Valgerður Jósefsdóttir, Valdís Jósefsdóttir, Sif Heiðarsdóttir og Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir. Á Húsavík æfa 32 börn sem skiptist þannig að í yngri hópnum æfa nú 26 börn og í eldri hóp æfa 6 stelpur.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir yfirþjálfari, Elísabet Sigurðardóttir sem jafnfram er starfsmaður deildarinnar, Margrét Magnúsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir.

## Héraðsmót í starfsíþróttum

Fyrsta héraðsmót HSP í stafsetningu og upplestri var haldið í tengslum við Sumarleika HSP sem fram fóru á Laugum í Reykjadal í sumar. Tilefnið var að á Unglingalandmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina var í fyrsta sinn keppt í þessum sömu greinum.

Keppnin fór fram í Litlulaugaskóla.

Kept var í tveimur flokkum í stafsetningu, 14 ára og yngri og 15 ára og eldri. Keppendur leystu níðbunga stafsetningarþraut eftir upplestri þar sem fylla þurfti í 50 eyður. Sá keppandi sigraði í hvorum flokki sem gerði fæstar villur.

Í upplestrarkeppninni var keppt í tveimur aldursflokkum og var farið eftir sömu reglum og giltu á ULM.

Keppendur völdu sjálfir textabrot eftir íslenskan höfund og eitt íslenskt ljóð til að flytja í keppninni.

Í verðlaun voru þingeyskar afurðir; keppendur í þremur efstu sætum fengu litríkt og brakandi ferskt grænmeti frá Hveravöllum í Reykjavík og sigurvegarar fengu auk þess glænýja bók Páls Jónassonar í Hlíð á Langanesi, Vísnagátur, sem höfundur gaf til keppninnar.

Bestu þakkar fá allir sem aðstoðuðu við framkvæmd keppninnar, þáttakendur og gefandi verðlauna.

Gaman er frá því að segja að á Unglingalandsmótinu síðar um sumarið var það keppandi úr HSP sem vann stafsetningarkerppnina.



Þrjú efstu í yngri flokki í stafsetningu

## Unglingalandsmótsnefnd

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið að venju um verslunarmannahelgina, að þessu sinni á Selfossi. Mótið heppnaðist mjög vel og veðrið var gott. Alls keptu 42 einstaklingar undir merkjum HSP á mótinu og voru þeir allir félagi sínu til mikils sóma bæði utan vallar sem innan. Verkefni Unglingalandsmótsnefndar fólst í að sjá um tjaldbúðir HSP og skráningu keppenda. Kerra HSP kom að góðum notum við að koma búnaði á svæðið og samkomutjaldið var reist á miðju tjaldsvæði HSP. Þar var ávallt hægt að fá heitt kakó eða kaffi og foreldrar komu með bakkelsi sem hægt var að maula á kvöldin eftir keppni. Engar sameiginlegar máltíðir voru skipulagðar að þessu sinni fremur en síðustu ár.

Framkoma og umgengni keppenda og aðstandenda þeirra á tjaldsvæði HSP var til fyrirmynðar. Enn voru til brosbolir sem keppendur notuðu við inngöngu á setningaráhátið en huga þarf að prentun nýrra bola fyrir næstu keppni. Friðrika Illugadóttir úr frjálsíþróttaráði sá um skráningu allra keppenda hvort sem um frjálsíþróttir eða aðrar greinar var að ræða. Kann ungingalandsmótsnefnd henni bestu þakkar fyrir.

Unglingalandsmótsnefnd HSP árið 2012 skipuðu Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Örn Logi Hákonarson. Tengiliður við stjórn HSP var Einar Hermannsson.

## Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa:

Haraldur Bóasson, Umf. Eflingu  
Arngrímur Geirsson, Mývetningi  
Björn Ingólfsson, Íþf. Magna  
Brynjar Halldórsson, Umf. Öxarfjarðar  
Hólmlíður Halldórsdóttir, Umf. Snerti  
Nefndin kom saman 18. mars og 19. júní á

Laugum og fór yfir gögn sem þar voru. Einnig komu gögn frá Húsavík og frá UNP. Allt var flutt upp og sorterað og mikilvæg gögn voru sett í geymslu en miklu var hent.  
Enn er eftir að vinna um einn dag til að ljúka þessu verki. Er það stefnan að það verði gert fyrir vorið.

Haraldur Bóasson



## Getraunanúmer félaga innan HSP

610	Íþróttafélagið Magni	662	Golfklúbbur Mývatnssveitar
640	Íþróttafélagið Völsungur	670	Umf. Snörtur
641	Golfklúbbur Húsavíkur	671	Umf. Leifur heppni
642	Umf. Einingin	675	Umf. Austri
643	Umf. Geisli	680	Umf. Langnesinga
650	Umf. Efling	681	Umf. Afturelding
661	Mývetningur íþrótta og ungmannafélag		

## Mjólkurkýrin



Það tíðkast á hátíðarstundum hjá íþróttahreyfingunni að tala um mjólkurkýr hreyfingarinnar og er þar átt við fyrirtækin sem eru í eigu hennar, Íslenska getspá og Íslenskar getraunir. Eins og allir góðir bændur vita þá þurfa mjólkurkýr góða ummönnun til að gefa af sér góðar afurðir. Það á líka við um Íslenskar getraunir. Sum íþróttafélög hafa tekið að sér að selja getraunir með góðum árangri, bæði félagslega og fjárhagslega. Önnur hafa ekki farið þá leið, kannski vegna þess að ekki er áhugi innan félags, ekki til staðar mannskapur til að sjá um starfið, eða kannski stendur félagið bara ágætlega félagslega og fjárhagslega þannig að enginn þörf er á að selja getraunir. Allt geta þetta verið gildar ástæður. Það þýðir þó ekki að það megi hætta að hugsa um mjólkurkúna því þá er hætta á að nytin hverfi.

Félög innan HSP geta lagt sitt af mörkum í umhirðu kýrinnar meðal annars með því að birta lógó Íslenskra getrauna með getraunanúmeri sínu á heimasiðunni, í útgefnu efni, í leikskrám sem gefnar eru út í knattspyrnu, körfubolta eða frjálsum eða með því að fá skilti frá Íslenskum getraunum til að setja upp í íþróttahúsini eða á íþróttavellinum. Munum að í þessu gerir margt smátt eitt stórt.

Á undanförnum árum hefur fyrirtækið skilað til íþróttahreyfingarinnar um hundrað milljónum á ári og hafa þær tekjur dreifst um alla hreyfinguna.

Starfsmenn Getrauna eru sem fyrr boðnir og búnir til að aðstoða félögin og veita upplýsingar um hvaðeina sem snýr að getraunastarfi og hvernig félögin geta nýtt sér það til að efla hjá sér félagsstarfið og afla fjár.

Pétur Hrafn Sigurðsson  
deildarstjóri getraunadeildar

**H.S.P**

**Héraðssamband Þingeyinga**

**Ársreikningur 2012**

## Áritun skoðunarmanna

Ársreikningur þessi fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir  
árið 2012  
hefur verið skoðaður og ekkert fundist athugavert.

Leggjum við því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Húsavík      dags 26/02 2013

Kristján S. Johannesson  
Jón Þ. Óskarsson

# Áritun stjórnar H.S.P

Staðfesting ársreikningsins.

Stjórn Héraðssambands Þingeyinga, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Húsavík      dags 8/3      2013

Í stjórn Héraðssambands Þingeyinga

Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
Jónunn Júliusson

# Rekstrarreikningur 2012

## Aðaldeild

---

<b>Rekstrartekjur:</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Lottó UMFÍ	3.154.111	3.031.755	2.664.746
Lottó ÍSÍ	2.198.743	2.008.606	1.858.253
útbreyðslust. /ósóttir vinningar	311.407	707.698	48.045
Styrkir ýmsir	150.000	589.647	1.530.568
Styrkir sveitarfélagið	2.275.852	2.487.748	1.333.600
Styrkir í afreksmannasjóð	-	-	800.000
Skattar félaga	1.011.200	1.051.600	1.123.200
Aðrar tekjur	8.685	-	-
Tjaldaleiga	90.000	55.000	25.000
	<b>9.199.998</b>	<b>9.932.054</b>	<b>9.383.412</b>
 <b>Rekstrargjöld:</b>			
Yfirstjórn	4.143.890	4.540.394	4.531.603
Lottó til félaga	4.783.554	4.595.810	3.618.399
Afskriftir	-	-	-
	<b>8.927.444</b>	<b>9.136.204</b>	<b>8.150.002</b>
 <b>Hag/Tap án fjármagnsliða</b>	<b>272.554</b>	<b>795.850</b>	<b>1.233.410</b>
 <b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur	66.633	27.497	97.437
Vaxtagjöld	- 80.114	- 17.135	- 35.043
	<b>- 13.481</b>	<b>10.362</b>	<b>62.394</b>
 <b>Hag/Tap ársins</b>	<b>259.073</b>	<b>806.212</b>	<b>1.295.804</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

---

### Eignir

Fastafjármunir	2012	2011	2010
Mannvirki	Íþróttavöllur		
Áhöld og tæki	1.184.273	1.184.273	1.184.273
Kerra yfirbyggð	270.000	270.000	270.000
	<b>1.454.273</b>	<b>1.454.273</b>	<b>1.454.273</b>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	854.977	-	2.112.435
Ógr. Lottó 2012	3.440.275	-	
Handbært fé			
	<b>5.688.634</b>	<b>2.982.706</b>	<b>2.522.496</b>
	<b>1.393.382</b>	<b>83.592</b>	<b>410.061</b>
Eignir samtals	<b>2.847.655</b>	<b>1.537.865</b>	<b>1.864.334</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

---

### Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2012	2011	2010
Óráðst. eigið fé 01.01.	2.320.166	2.239.172	1.059.936
Birgðir 31.12	-	-	-
Hag /Tap ársins	259.073	80.994	1.179.236
	<b>2.579.239</b>	<b>2.320.166</b>	<b>2.239.172</b>

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	483.728	1.131.660	527.002
ógreiddur kostnaður	183.602	119.631	63.970
Ogreitt v/starfsfóks	568.542	229.728	88.194
	<b>268.416</b>	<b>782.301</b>	<b>374.838</b>

Skuldir og eigið fé samtals	<b>2.847.655</b>	<b>1.537.865</b>	<b>1.864.334</b>
-----------------------------	------------------	------------------	------------------

# **Aksturssjóður**

**Héraðssambands Þingeyinga**

**Ársreikningur 2012**

## Áritun skoðunarmanna

Ársreikningur þessi fyrir Aksturssjóð Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2012 hefur verið skoðaður og ekkert fundist athugavert.

Leggjum við því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Húsavík dags 26/02 2013

Kirkjan S. Jóhannesson

Jón P. Þórasson

# Áritun stjórnar Aksturssjóðs H.S.Þ

## Staðfesting ársreikningsins.

Stjórn Aksturssjóðs Héraðassambands Þingeyinga, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Húsavík      dags 8/3      2013

Í stjórn Aksturssjóðs H.S.Þ.

Jóhanna S. Kristjánsdóttir  
Jónum Juliusson

## Rekstrarreikningur 2012

---

<b>Rekstrartekjur:</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Styrkur Alcoa	-	-	-
Styrkur ríkisins	-	-	-
Bakf. Styrkir sveitarfél. V08'09	-	-	- 2.162.000
Styrkur sveitarfél. Skútust.hr.	-	149.600	500.000
Styrkur kvenfélaga	-	-	-
Vinnuframlag HSþ	6.775	43.604	184.465
Styrkur HSþ	207.707		
Landsbanki Íslands	-	-	200.000
	<b>214.482</b>	<b>193.204</b>	<b>- 1.277.535</b>
<hr/>			
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Bifreiðastyrkur einstaklinga	595.136	1.238.463	1.287.888
Akstursstyrkur íþróttafélaga	288.816	867.378	1.071.437
Tryggingagjald	73.979	182.154	103.476
Annar kostnaður	1.355	101.494	153.039
	<b>959.286</b>	<b>2.389.489</b>	<b>2.615.840</b>
<hr/>			
<b>Hag/Tap án fjármagnsliða</b>	<b>-744.804</b>	<b>-2.196.285</b>	<b>-3.893.375</b>
<hr/>			
<b>Hag/Tap ársins</b>	<b>-744.804</b>	<b>-2.196.285</b>	<b>-3.893.375</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

---

### Eignir

2012      2011      2010

#### Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	-	-	-
Handbært fé	5.432	863.836	2.892.414
	5.432	863.836	2.892.414

Eignir samtals	5.432	863.836	2.892.414
----------------	-------	---------	-----------

## Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2012 var stjórn félagsins þannig skipuð:

Formaður: Stefán Gunnarsson

Gjaldkeri: Kristján Steingrímsson

Ritari: Yngvi Ragnar Kristjánsson

Samkvæmt Felix félagakerfi ÍSÍ eru nú samtals 45 félagar í Akstursíþróttafélaginu. Félagið stendur vel fjárhagslega og er skuldlaust. Stærstu verkefni félagsins á árinu snérust um keppnishald, þátttöku í akstursíþróttamótum og rekstur motocrossbrautar.

Félagið sa í febrúar um framkvæmd 2. umferðar Íslandsmótsins í Íscrossi og um miðjan mars fór fram stórt akstursíþróttamót þar sem keppt var í 3. og síðustu umferð Íslandsmótsins í Íscrossi. Félagið stóð fyrir bikarmóti í SCC – SnoCrossCountry keppni á vélsléðum sem tókst þokkalega og voru keppendur mjög ánægðir. Allt keppnishald ársins fór fram í samstarfi við MSÍ og Björgunarsveitina Stefán í Mývatnssveit. Uppskera Akstursíþróttafélagsins af vetraríþróttum varð ríkuleg, en Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í Íscrossi í kvennaflokki, í 2. sæti varð Andrea Dögg Kjartansdóttir og í 3. sæti varð Ásdís Elva Kjartansdóttir. Jón Ásgeir Þorláksson varð Íslandsmeistari í opnum flokki og Bjarni Hauksson varð Íslandsmeistari í unglingsflokki.

Er leið að sumri kom að keppni á vegum MSÍ í enduro og motocrossi. Nokkrir félagar Akstursíþróttafélagsins keppa í þessum íþróttagreinum og fór keppnishaldið fram víðsvegar um landið. Uppskera Akstursíþróttafélgsins af sumaríþróttunum varð einnig ríkuleg, Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari Motocrossi í kvennaflokki og einnig í Enduro kvennaflokki og Jónas Stefánsson varð í þriðja sæti til Íslandsmeistara í Enduro ECC 2. Þá urðu Kristján Steingrímsson og Stefán Gunnarsson í öðru sæti í Íslandsmótinu í Enduro í tvímenningsflokki. Um verslunarmannahelgi stóð UMFÍ fyrir unglingslandsmóti á Selfossi, en AM átti að þessu sinni enga keppendur á mótinu.

Uppskeruhátíð MSÍ fór fram í Reykjavík í byrjun nóvember og þar voru Íslandsmeistarar krýndir í hinum ýmsu íþróttagreinum og var Signý Stefánsdóttir kjörin akstursíþróttakona ársins 2012, en hún hampaði þeim titli einnig árið 2008.

Í ágústbyrjun fór einn félagi AM til Þýskalands til keppni í heimsmeistaramótinu í Enduro ISDE Sixdays, en það var Jónas Stefánsson. Þetta var í annað sinn sem Íslendingar taka þátt í þessari keppni, en 5 af 6 manna landsliði Íslands luku keppni og var Jónas einn af þeim.

Motocrossbraut félagsins við Svörtuborgir var ekki í mikilli notkun á árinu og þarf að finna rekstri brautarinnar betri farveg til framtíðar.

## Golfklúbbur Húsavíkur



### Stjórn GH og formenn nefndar:

Formaður: Pálmi Pálmason  
Varaformaður: Sólveig Jóna Skúladóttir  
Gjaldkeri: Ásdís Jónsdóttir  
Ritari: Harpa G. Aðalbjörnsdóttir  
Meðstjórnandi: Kristinn Vilhjálmsson  
Varamenn: Ragnar Emilsson  
Guðmundur Friðgeirsson

Formaður nýliða- og unglinganefndar: Skarphéðinn Ívarsson

Formaður móta- og forgjafanefndar: Jóhanna Guðjónsdóttir

Formaður vallarnefndar: Kristinn Vilhjálmsson

Formaður húsnefndar: Einar H. Einarsson

Formaður aganefndar: Magnús Hreiðarsson

Þau afbrigði urðu á aðalfundi, að kosinn var formaður til eins árs þar sem fráfarandi formaður Anna Sigrún Mikaelsdóttir, af ósérhlífni sat einu ári lengur í stóli formanns en hún hafði ætlað. Þar sem reikningar félagsins vegna 2011 voru ekki frágengnir var haldinn aukaaðalfundur 8. mars.

**Katlavöllur** Völlurinn var opnaður að mestu 11. maí og að fullu um miðjan maí, síðan kom hret í u.p.b. viku þannig að leikar hófust fyrir alvöru um 20. maí. Það voru ríkjandi norðan og austanáttir og mjög burrt allt sumarið, starfsmenn þurftu því að vökva mjög stift. Vallarstjóri var framan af sumri gangandi um völlinn þar sem hann hafði ekki farartæki, af höfðingsskap lánuðu Brói og Anna Rúna golfbílinn sinn í u.p.b. fimm vikur til þess að leysa þetta vandamál. En um miðjan júlí var keyptur John Deere Gator 2011 módel sem kom í góðar þarfir og hefur sannað sig sem nauðsynlegt tæki á vellinum.

Framkvæmdir voru við 5. teig kvenna, sem var flett ofan af og stækkaður, þá var búinn til kennateigur á 6. braut. Stóra verkefnið var 9. flöt sem var byggð upp á nýtt, stækkuð og glompur færðar eða teknar út, jafnframt var sett vökvunarkerfi við flótina. Vinnu við 9. flöt er ekki lokið, en vonandi fáum við gott vor og getum lokið framkvæmdum snemma í sumar.

Möl var sett í vegi og stíga sem bæði minnkaði moldarrykið og fer einnig mun betur með vélarnar þar sem vegir voru sléttar með þessu.

**Lúpínukvöld** var í júní, þá réðist milli tuttugu og þrjátíu manna vaskur hópur gegn "höfuðóvini" golfara á Katlavelli og var lúpína stráfelld vítt og breitt um völlinn.

**Mannahald** Skarphéðinn Ívarsson var vallarstjóri og með honum voru þrír ungar menn, Benedikt Jóhannsson, Arnþór Hermannsson og Eyþór Traustason. Þrír síðastnefndu voru á launaskrá hjá Norðurþingi sem hjálpaði klúbbnum mjög fjárhagslega. Ekki þarf að fjölyrða um vinnu þeirra, það fengum við að heyra á gestum sem komu á Katlavöll, en það var einróma lof sem völlurinn fékk. Um sjoppuna sá Sólveig Skúladóttir og það má telja víst að vallargjöld hafi því skilað sér óvenju vel þetta árið en þetta er sennilega með því mesta sem fengist hefur af vallargjöldum og sýnir þörf á því að vera með fullorðið fólk í sjoppunni.

**Styrkir** Samningur sem gerður var í upphafi árs 2011 til þriggja ára við Norðurþing og gildir út árið 2013, hafa aðilar ákveðið að taka upp og skoða nánar. Norðurþing er okkar langstærsti styrktaraðili og hafa staðið mjög vel við bakið á klúbbnum sl. sumar. VÍS

studdi okkur vel ásamt Icelandair golfers og síðan var Sparisjóðurinn styrktaraðili en hafa ákveðið að draga sig út úr því samstarfi. Einnig hafa ýmsir aðrir stutt okkur bæði félög og einstaklingar. Ég vil þakka þann hlýhug sem þessir aðilar hafa sýnt klúbbnum. **Golfskálinn**, í mars var farið í miklar endurbætur á eldhúsini að undirlagi Sollu, þar komu að handverkssnillingarnir Einar Halldór og Sigurjón Sigurðsson. Lagt var parket á gólfíð, endurbætur á eldhúsinnrétti, ný eldhústæki, varð af þessum framkvæmdum mikil bót.

**Kennsla/Þjálfun** Nýliðakennsla hófst 14. júní um hana sáu Pálmi, Bogga og Harpa unglingsþjálfun var síðan í höndum Arnþórs Hermannssonar en æfingar hjá þeim hófst 18. júní. Sjá nánar skýrslu formanns Unglinga og nýliðanefndar Skarphéðins Ívarssonar. Kynningardagur á golfi var haldinn, mæting var framar öllum vonum, u.b.b. 50 manns, vanir og óvanir voru mættir. Kaffiveitingar voru á eftir og var gerður að þessu mjög góður rómur. Þetta er líklegast komið til að vera og styður ábyggilega við nýliðakennsluna og um leið fjölgun í klúbbnum.

#### Klúbbmeistarar 2012

Karlar:	Með forgjöf:	Án forgjafar:
	Arnar Vilberg Ingólfsson	Arnar Vilberg Ingólfss.
Konur:	Með forgjöf:	Án forgjafar:
	Harpa G. Aðalbjörnsd.	Jóhanna Guðjónsdóttir.

**Hola í höggi:** Kristín Magnúsdóttir náði þeim merka áfanga að fara holu í höggi þ. 7. júlí á 5. braut og notaði til þess fimm járn. Til hamingju Kristín.

**Bæjarkeppni**, Austfirðingar mættu til okkar helgina 25. og 26. ágúst og er skemmt frá því að segja að Þingeyingar sýndu ekki mikla kurteisi í þeirri keppni því niðurstaðan varð Þingeyingar 835 punktar, Austfirðingar 666 punktar.

**Sveitakeppni GSÍ, 10-12 ágúst**, GH var eingöngu með karlasveit, sveitin lék í annarri deild, mótið var haldið á Hamarsvelli í Borgarnesi. Sveitin hélt sér í annarri deild og má til gamans geta að sveit Akureyrar fíll niður í þriðju deild. Þeir sem skipuðu sveitina voru: Skúli Skúlason, Arnar Vilberg Ingólfsson, Sigurður Hreinsson, Unnar Þór Axelsson, Benedikt Þór Jóhannesson, Einar Gestur Jónasson, Helgi Héðinsson, Örvar Þór Sveinsson, liðsstjóri Skarphéðinn Ívarsson,

**Bændaglíma** haldin 6. október, bændur voru Björg Jónsdóttir og Harpa G. Aðalbjörnsdóttir, lið Boggu vann með yfirburðum.

#### Fundir:

**Þing HSþ**, haldið á Raufarhöfn 26. febrúar. Þingið sóttu formaður og varaformaður ásamt Bjarna Sveinssyni.

**Formannafundur golfklúbba á Norðurlandi**, haldinn á Akureyri 12. apríl. Samþykkt áframhaldandi 30% afsláttur milli klúbba. Rætt um möguleika til fjölgunar í klúbbunum, frekara samstarf milli klúbba. Dómaramál, unglingsstarf, frekari þjónustu GSÍ við klúbbana o.fl. rætt á þessum fundi.

**Formannafundur golfklúbba á Íslandi**, haldinn í Reykjaneshbæ 17. nóvember, formaður GH ákvað að sækja ekki þennan fund vegna kostnaðar.

Ég vil þakka öllum þeim félögum sem komið hafa að starfi klúbbsins fyrir þeirra framlag á árinu 2012. Ég vil jafnframt hvetja alla til að leggja áfram hönd á plóg, því alltaf eru not fyrir vinnufúsar hendur.

Pálmi Pálmason  
formaður GH

## Golfklúbbur Mývatnssveitar



Stjórn GKM árið 2012.

Aðrir embættismenn.

Formaður	Kristján Stefánsson	Form. vallarnefndar.	Sigurður Baldursson
Gjaldkeri	Ellert Rúnar Finnbogason	Form. mótanefndar.	Hákon Fannar Ellertsson
Ritari	Jón Óskar Ferdinandsson	Form. forgj.nefndar.	Kristján Stefánsson
Varamenn	Jóhannes Steingrímsson	Skoðunarmenn reikn.	Finnur Baldursson
	Ottó Páll Arnarson	Steingrímur Jóhannesson	

Starfsemi GKM sumarið 2012 var með hefðbundnum hætti og fjöldi gesta og félaga sem stunda þessa ágætu íþrótt svipað og síðustu ár.

Mótahald var með svipuðum hætti, tvö opin móti þ.e. Golf og Gufa og Reynihlíð open. Þá var firmakeppin á sínum stað og nokkur innanfélagsmót. Mörg fyrirtæki studdu myndarlega við bakið á okkur við rekstur vallarins og opnu mótin og eru öllum þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn, án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt. Vinna við skálann gekk ágætlega og er hann langt komin að innan og nánast búin að utan svo að þá er bara að fara í frágang á lóð í kring.

EKKI hefur enn verið gengið frá nýjum samningi við landeigendur um völlinn, og er það frekar slæmt mál þar sem ekkert verður gert í uppbyggingu vallarins fyrr en nýr samningur hefur verið undirritaður.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félögum mínum fyrir samstarfið á árinu og vona að Golfklúbbur Mývatnssveitar verði starfræktur sem lengst.

Kristján Stefánsson  
formaður

## Golfklúbburinn Gljúfri

Frekar rólegt yfir starfseminni en áfallalaus.

Aðsókn á völlinn má ekki minni vera og sennilega heimtist ekki af öllum vallargjald. Rekstrarkostnaður með minna móti og njótum við að farið var vel yfir vélar árið 2011.

Sel sf hefur séð um slátt og söndun á vellinum og einnig á íþróttavöllunum ( Lundi og Kópaskeri) og gert það fyrir mjög sanngjarnit verð. Klúbburinn leggur til tæki í hvorutveggja.

11 félagar greiddu árgjald og teljast fullgildir en nokkrir einstaklingar og eigendur sumarhúsa sömdu um "sumargjald) fyrir sig og sína.

Á þessu ári ( 2012) fengum við engan styrk frá Norðurþingi en fáum vonandi á þessu (2013). Klúbbfélagar hafa aðeins látið sjá sig á mótum hjá öðrum en afrekin verða ekki tíunduð hér.

Með von um gott veður á sumri komanda skulum við þreyja veturinn.



Fyrir hönd Golfklúbburinn Gljúfri,  
Marinó Eggertsson

## Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2012 er þriðja starfsár golfklúbbsins. Megin starfssemi golfklúbbins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og golfskálans Stekks er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda.



Golfklúbburinn leigir völlinn og afnot af golfskála fyrir sína félagsmenn.

Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbsins.

Laugardaginn 26. maí opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara.

Við upphaf sumars voru skráðir í golfklúbbinn 83 félagsmenn en við lok sumars voru félagar orðnir 101, þar af eru 50 með fulla aðild og 51 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 30 konur og 71 karl.

Stofnuð var 3. manna keppleikjanefnd sem sá um að setja upp móti og framkvæmd þeirra.

### Mótahald

Alls hélt klúbburinn 5 móti á árinu. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 16. júní og var það innanfélags móti og spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þátttakendur voru 22. 22. júlí var Bændaglíma klúbbsins haldin. 21. júlí var í fyrsta sinn haldið opið Lopapeysumót kvenna. Mótið er 18 holu punktakeppni og voru keppendur 11. Þann 05. ágúst var opið móti sem bar heitið Coca-Cola –verlunarmannahelgin, þar mættu 40 til leiks og spilað var punktakeppni með forgjöf. Þann 1. sept. var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það móti mættu 22 til leiks, 14 karlar, 6 konur og 2 unglingsar undir 14 ára. Spilað var 18 holu höggileikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2011 varð Ingvar Karl Hermannsson á 72 höggum og meistari kvenna varð Halla Sif Svavarsdóttir á 83 höggum, meistari unglingsar varð Viktor Ingi Finnsson á 86 höggum. Einnig var klúbburinn með lokað móti fyrir félagsmenn á fimmtudögum í sumar og var það móti spilað 8 fimmtudaga frá 21.06.2012 og til 09.08.2012, spilað var punktakeppni með forgjöf.

Einnig annaðist klúbburinn framkvæmd á 2 öðrum móti, þ.e. fyrir Knattspyrnufélag Akureyrar og Heimsferðir, og var þátttaka í þeim móti mjög góð.

### Kennsla

Sumarið 2012 bauð golfklúbburinn félagsmönnum uppá fríu leiðsögn golfkennara.

Byrjað var á laugardeginum 16. júní og eftir það var kennslan haldin 6 laugardaga yfir sumarið, frá kl. 13.00 til 15.00. Leiðbeinandi var Birgir Haraldsson og var þátttaka mjög góð og mæltist þetta framtak klúbbsins mjög vel fyrir.

Stjórn golfklúbbsins kom saman 6 sinnum á árinu til fundar. Stjórnin ákvað að halda ekki aðalfund fyrir árið 2012 þar sem starfsemin er það lítil í augnablikinu en stefna að fundi með félagsmönnum í apríl 2013.

Pétur Ringsted  
formaður GLF

## Golfklúbburinn Hvammur

Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Minna var um mótaðald á vegum klúbbsins en heldur bætt í hvað barna- og unglingastarf varðar. Ástand golfvallar klúbbsins var vel viðundandi á síðasta sumri og hefur völlurinn náð sér að mestu eftir miklar kalskemmdir árið á undan. Ekki er laust við að þeir sem að klúbbnum standa bíði vorsins með kvíðablandinni spennu þar sem margir óttast að veðurfar á yfirstandandi vetri kunni að leiða af sér kalskemmdir. Rekstur klúbbsins var annars í ágætu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áframverður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað.



Jón Helgi Pétursson  
formaður

## Hestamannafélagið Feykir

Stjórn Feykis:

Hafsteinn Hjálmarsson, gjaldkeri

Tryggvi Sigurðsson, ritari

Maríus Snær Halldórsson, formaður



Lítill starfssemi var á árinu fyrir utan eitt hestamannamót sem var haldið á félagssvæði Feykis í Eyjadal í Ásbyrgi þann 23. júní 2012, prýðileg þátttaka var á mótinu. Það var opið og tóku þátt fleiri en félagsmenn.

## Hestamannafélagið Grani

Starf Grana hófst að venju með þorrabloti félagsins sem fór fram í byrjun mars og að venju var komið saman sama dag á Kalbakstjörn þar sem félagsmenn riðu hestum sínum á ísilagðri tjörninni.

Félaginu var boðið að taka þátt í sýningunni „Fákar og Fjör“ í TopReiter höllinni á Akureyri þann 4. apríl og sendi fjóra fulltrúa á þá sýningu.



Þann 15. apríl var stór dagur þegar hestamannafélögini í S-Þingeyjarsýslu Grani og Þjálfi vígðu sameiginlega reiðhöll sína í landi Saltvikur sunnan Húsavíkur og fékk hún nafnið Bústólpahöllin. Margt var um manninn, bæði hestamenn og aðrir gesti sem fögnuðu þessum tímamótum. Jafnt börn sem fullorðnir félagar úr Grana og Þjálfa sýndu hesta sína í mörgum vel útfærðum atriðum.

Firmakeppni Grana var haldin á skeiðvelli félagsins að kvöldi 7. júní. Alls voru 25 keppendur að þessu sinni og bar Ólafur Samúelsson sigur úr bínum í fullorðinsflokkni og lóunn Barnadóttir í barnaflokki. Að venju var boðið uppá kaffi í félagsheimilinu að keppni lokinni.

Tveimur dögum síðar var úrtaka fyrir Landsmót hestamanna haldin á Hlíðarholtsvelli á Akureyri í samstarfi við hestamanna félagið Létti á Akureyri.

Grani sendi að þessu sinni þrjá fulltrúa á Landsmótið í Reykjavík sem haldið var dagana 25. júní til 1. júlí. Líney María Hjálmarsdóttir kepti á þyt frá Húsavík í B-flokki gæðinga

og þær Thelma Dögg Tómasdóttir með Takt frá Torfunesi og Iðunn Bjarnadóttir með Mínu frá Garðsá kepptu í barnaflokki. Thelma Dögg og Taktur náðu besta árangri sem Granafélagi hefur náð á Landsmóti og enduðu í þriðja sæti. Glæsilegur árangur og góð hvatning fyrir allt starf félagsins.

Grani tók einnig þátt í hópreið hestamannafélaganna við setningu landsmóts.

Fákagleðin fór fram í byrjun september og var riðið að þessu sinni frá Bústólpahöllinni suður Ærvíkurbjarg að Æðarfossum. Að venju var farið í leiki og svo grill um kvöldið.

Félagar úr Grana stóðu heiðursvörð við útför Steingríms Sigurðssonar fyrrum formanns Grana sem jarðsunginn var frá Húsavíkurkirkju þann 25. september.

Auk þessa riðu Granafélagar að venju fyrir skrúðgöngu á 17. júní og sýndu gæðinga sína á Mærudögum.

Félagar úr Grana voru duglegir að sækja keppnir sem nágranna hestamannfélögin héldu og voru oftar en ekki í verðlaunasætum á t.d. Mývatn Open og Einarsstaðamótinu sem þjálfamenn standa að. Eins á mótum hestamannfélaganna í Eyjafirði.

Starfsárinu lauk svo með jólabingói í lok desember þar sem ungrir sem aldnir spiluðu sér til skemmtunar og rifjuðu upp afrek ársins með myndasýningu.

## Hestamannafélagið Snæfaxi


Í stjórn:

Jón Rúnar Jónsson,  
Steinunn Leósdóttir,  
Árni Davíð Haraldsson,  
Einar E. Sigurðsson,  
Ívar Jónsson



Starf æskulýðs Snæfaxa var ekki eins mikið þetta starfsárið líkt og til stóð í upphafi, því miður, þó engin sérstök skýring hafi fundist á því. Eitt reiðnámskeið var haldið fyrir hestaáhugafólk á aldrinum 6-16 ára og knapamerkjanámskeiðið komst ekki á líkt og til stóð.

Dagana 12. – 15. júní stóð Hestamannafélagið Snæfaxi fyrir reiðnámskeiði fyrir börn á aldrinum 6-16 ára. Þáttaka fór fram úr björtstu vonum og hafa aldrei fleiri skráð sig til þáttöku á námskeiði sem þessu héren alls urðu þátttakendur 28 og voru margir hverjur að fara á bak í fyrsta skipti. Reiðkennararnir Águst Marinó Ágústsson og Reynir Atli Jónsson voru kennarar á námskeiðinu og gáfu hestamannaféluginu vinnu sína en ágóðinn mun renna óskertur til æskulýðssstarfs Snæfaxa. Námskeiðið fór fram í reiðhöllinni Kaplaborg að Gunnarsstöðum í Þistilfirði þar sem Snæfaxi á aðstöðu í félagi með ábúendum. Ekki stóð á hrossaeigendum á svæðinu frekar en fyrri daginn að lána öll



þau hross sem til voru sem gætu hentað undir lítið vana knapa.

Krökkunum var skipt í hópa eftir getu og kennt í klukkustund senn. Þannig fékk einn hópurinn kennslu í reiðmennsku þar sem áhersla var t.d. á ásetu og taumhald á meðan annar hópur fékk kennslu í umhirðu reiðtygja, umgengni við hross og fleira. Svo var skipt um hópa þannig að allir hóparnir fengu kennslu í öllum þeim atriðum sem

boðið var upp á á námskeiðinu. Þann 17. júní var haldin firmakeppni Snæfaxa á keppnissvæði félagsins, Lönguhlíðarmelum í Þistilfirði, þar sem allir þátttakendur í námskeiðinu fengu afhenda viðurkenningu fyrir þátttöku sína og þar að auki skráði nokkur hópur nemandanna sig til þátttöku og gekk vel.



Það er óhætt að segja að mikil ánægja hafi verið með þetta framtak félagsins meðal þátttakenda jafnt sem foreldra þeirra og ekki síður þeirra er að námskeiðinu stóðu. Þetta er vonandi liður í æskulýðsstarfi félagsins sem er kominn til að vera því framtak sem þetta er sterkur liður í því forvarnarstarfi sem stöðugt þarf að vaka yfir, auk þess er þetta frábær lyftistöng fyrir hestamannafélagið að svo margir ungliðar skuli hafa áhuga á að kynna sér þessa íþrótt sem hestamennskan er.

Í ágúst var síðan haldið síðsumarmót Snæfaxa þar sem aftur voru skráðir til keppni nokkrir af þeim knöpum sem voru á námskeiðinu fyrr í sumar.



Vönustu knaparnir á þessu aldursbili komu síðan að sjálfsögðu með í reiðtúr sem farinn var yfir í Öxarfjörð upp úr miðjum júní ásamt hópi eldri knapa (tveggja daga reið hvora leið) og svo aftur í félagsferð Snæfaxa sem farin var fyrri hluta ágústmánaðar. Þar sem riðið var í þrjá daga og stóðu þessir ungu knapar sig alveg eins og hetjur í báðum þessum ferðum.



Það er von okkar sem í forsvari erum fyrir Hestamannafélagið Snæfaxa að æskulýðsstarfið megi vaxa og dafna á komandi árum því við höfum áhugasöm ungmanni, ágæta aðstöðu og reiðkennara á svæðinu svo það væri synd að láta þetta tækifæri úr greipum sér ganga.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Snæfaxa,  
Árni Davíð Haraldsson,  
ritari félagsins

Hestamannafélagið Þjálfí

Stjórn Þjálfa 2012:

Marinó Aðalsteinsson - formaður, netfang: marinoj@hive.is

Erlingur Ingvarsson - vara formaður, netfang: erlinguri@gmail.com

Benedikt Arnþiörnsson - meðstírnandi

Bórarinn Íllugason - gialdkeri netfang: asag@nordurthing.is

Bryndís Ívarsdóttir - ritari netfang: stadarholl@simnet.is



## Æskulvýðsnefnd:

Gunar Óli Hákonarson – formaður  
Oddný Lára Guðnadóttir  
Birna Hólmgéirs dóttir

Sigríður Atladóttir  
Bryndís Ívarsdóttir

## Aðrar nefndir þíálfar:

Einarstaðamót: hefur umsíón með framkvæmd Stórmóts Þjálfa á Einarsstöðum.

Benedikt Arnþjörnsson, formaður	Karen Hrönn Vatnsdal
Böðvar Baldursson	Friðrik K. Jakobsson
Hildur Rós Ragnarsdóttir	Óli Antonsson
Hafrún Gunnarsdóttir	

Firmakeppni: hefur umsíón með framkyæmd Firmakeppni Þjálfa á Einarsstöðum

Baldvin Kr. Baldvinsson, formaður	Sigrún Hermannsdóttir
Guðmundur Skarphéðinsson	Hólmgeir Eyfjörð
Gunnar Theodor Úlfarsson	Sigurður Pálsson

Vallarnefnd: hefur umsjón með félagssvæði þjálfa á Einarsstöðum.

Kristján Sigtryggsson  
Úlfar Vilhálmsson

Þráinn Ómar Sigtryggsson

**Reiðveganefnd:** hefur umsjón með reiðvegum; viðhaldi og nýjum á félagssvæði Þjálfá.

Kristján Snæbjörnsson (reiðvegafulltrúi Þjálfa, með stjórnina sem bakland.)

Mývatn open 2013: hefur umsjón með framkvæmd Ísmóts Þjálfa í Mývatnssveit.

Marinó Aðalsteinsson, formaður	Birna Hólmeirs dóttir
Erlingur Ingvarsson	Ásdís Erla Jóhannesdóttir
Gunnar Óli Hákonarson	Úlfar Vilhjálmsson

**Mývatn Open**; Er ísmót þjálfa, haldið á tjörnninni við Skútustaði, yfirleitt aðra helgi í mars. Mótið var haldið laugardaginn 3. mars 2012. Alls voru 79 skráningar og keppt að venju í tölti (2 flokkar meira og minna vanir) sérstakri stóðhestakeppni og skeiði. Mótið fór mjög vel fram, að vanda, margir áhorfendur mættir, þrátt fyrir leiðinda veður, en útreiðartúr á föstudeginum varð að aflýsa, vegna veðurs. Lífleg verðlaunaafhending í kaffisamsæti í Selinu, þar sem borð svignuðu undan hnallþórum og öðru meðlæti. Mývatn Open er styrkt af



fjölmögum félagasamtökum og einstaklingum á Norðurlandi og vegleg verðlaun í boði. Mótinu lauk svo með hestamannahófi í Selinu um kvöldið.



Erlingur Ingvarsson á Mývatn Open 2012



Kristján Sigtryggsson á Mývatn Open 2012


#### Opnum reiðhallar:

Þann 16. apríl 2012 var komið að opnum reiðhallar við Saltvík, sem fékk nafnið Bústólpahöllin, en hún er í eigu Grána ehf. sem er eignarhaldsfélag hestamanna-félaganna Þjálfa og Grana á Húsavík. Fjölmenni mætti á opnum og mörg skemmtileg sýningarátrið hjá báðum félögum. Mun þessi reiðhöll bæta aðstöðu til iðkunar hestamennskunnar yfir veturinn, en ennþá vantar hesthús í/við höllina, sem er raunar skilyrði fyrir því að Þjálfafélagar geti notfært sér þessa aðstöðu, að einhverju marki. Til stendur að bæta úr því á árinu 2013.

Opnum Bústólpahallarinnar 16. apríl 2012



Þjálfa menn í sínum búningi




Og æskan sýndi snillartakta á opnuminni

#### Einarstaðamót – Stórmót Þjálfa:

Einn helsti viðburður félagsins er hið svokallaða Einarstaðamót, sem haldið er á félagssvæðinu á Einarsstöðum í Reykjadal, helgina eftir verslunarmannahelgina ár hvert. Keppt er í: tölti, A-flokk, B-flokk, og barna-, unglings- og ungmannafloKKI. Og einnig er keppt í öldungaflokki og skeiði. Hefur þetta móti vaxið mjög hin síðustu ár og höfðum við yfir 220 skráningar 2012. Er þetta eitt vinsælasta hestamannamót á norð-austurlandi og komin hefð á að ríða í Einarsstaði, gjarnan öll fjölskyldan og taka þátt í mótinu. Hefur félagið ekki haft skráningargjöld, heldur einungis aðgangseyri á mótið. Til stendur að breyta þessu fyrirkomulagi eitthvað og taka upp væg skráningargjöld. Ekki er hægt að halda móti af slíkri stærðargráðu, öðruvísi en að félagsmenn taki höndum saman og leggi fram mikla sjálfboðavinnu. Haldir var áfram að flikka uppá félagssvæðið; vallarhúsið og snyrtingar, en félagið fór í miklar framkvæmdir á umgjörð Einarsstaðavallarins árið 2011. Um kvöldið var svo að venju grillað við völlinn, fyrir keppendur og gesti (stórt samkomutjald var reist fyrir mótið) og brekkusöngur á sínum stað. Veðrið fádæma gott. Mótið tókst vel í alla staði.

**Firmakeppni:** 24. ágúst 2012 var hin árlega Firmakeppni Þjálfa. Þar styðja fjölmargir aðilar í S-Þing. við félagið, en þetta mótt er helsta mótið fyrir ALLA félagsmenn, unga sem aldna. Elsti keppandinn var 79 ára og yngsti 5 ára.



*Reiðnámskeið í Torfunesi í mars 2012 –  
15 krakkar mættir.*

### **Æskulýðsdeild ÞJÁLFA 2012**

Umsvif æskulýðsdeildaðarinnar hafa verið þó nokkur á árinu 2012.

#### Stjórnina 2012 skipuðu:

Gunnar Óli Hákonarson – formaður

Oddný Lára Guðnadóttir

Birna Hólmeirs dóttir

Sigríður Atladóttir

Bryndís Ívars dóttir

Starfsárið hófst með opnum degi í  
Torfunesi í janúar 2012, þar sem við

höfðum "reiðtygjadag". Félagsmenn komu með hnakka, beisli, skó og annað sem tengist hestamennskunni og fengum við Oddný Láru, til að fara yfir meðferð og hreinsun á reiðtygjum. Buðum við uppá leðursápu og leðurfeiti, öllum að kostnaðarlausu. Þetta mæltist vel fyrir, þátttaka ekki eins góð og árið áður. Einnig auglýstum við "skiptimarkað", þ.e.a.s. æskulýðsdeildin býðst til að hafa milligöngu um að krakkarnir geti skipt út of litlum, eða lítið notuðum reiðfatnaði, og keypt notað. Reiðmennskan er ekki beinlýnis ódýrt sport og hefur þetta mælst vel fyrir.

Við reyndum að hafa opinn dag í Torfunesi, í febrúar, eins og árið 2011, en lítil þátttaka var og þessi þorrablótsmánuður er frekar erfiður í námskeiðshaldi.

Reiðnámskeið var haldið í Torfunesi 3. og 4.. mars og varð mjög góð aðsókn, 15 krakkar tóku þátt. Kennari var Oddný Lára, en hún hefur lokið einu ári af reiðkennaranámi á Hólmum og mjög vön hestakona. Hópnum var skipt niður eftir getu (og aldri) og tókst með ágætum. Margir voru að stíga sín fyrstu spor og áhuginn mikill. Hestar fengust hjá Baldvin í Torfunesi og fleirum í „æskulýðsfjölskyldunni“....

Í byrjun apríl, páskavikunni, auglýstum við reiðtúr fyrir æskulýðsdeildina. Reiðleið var valin frá vegi #85 í Aðaldalshrauni og niður í Sand, u.p.b. 7 km. leið. Varð fámennt, en góðmennt, í þessum reiðtúr, sem endaði heima í stofu hjá formanni, yfir kakó og þönnukökum. Þátttakan varð sum sé minni en við bjuggumst við, í þessum útreiðartúr, en það orsakaðist annars vegar af, að páskar voru framundan og flensa herjaði á marga krakka á þessum tíma. 14. apríl auglýstum við reiðnámskeið í Torfunesi, með Oddnýju Láru og varð uppselt – 16 krakkar tóku þátt og var skipt upp eftir aldri og getu, eins og áður. Námskeiðið tókst með eindæmum vel. Þann 15. apríl var síðan opnun reiðhallarinnar í Saltvík, sem fékk nafnið Bústólpahöllin og tóku nokkrir krakkar og ungmenni (yngst 6 ára og elst 19 ára) úr æskulýðsdeildum Þjálfa og Grana þátt í opnunarhátíðinni með sýningarátriði á hestum. Höfðu þær Oddný Lára, Þjálfa og Karen Gerhartl, Grana, - veg og vanda af þessari sýningu.

Í framhaldi af sýningunni á opnunarhátíðinni í Saltvík, var ákeðið að æskulýðsdeildirnar (sameiginlega Þjálfa og Grana) – myndu taka þátt í sýningunni „Æskan og hesturinn“ sem þetta árið var haldin á Akureyri 5. og 6. maí. Fór formaður æskulýðsdeildarinnar með nokkra krakka, hesta og kerru og skemmtu allir sér konunglega á þessum hestadögum á Akureyri.

11. og 12. **ágúst** var Einarsstaðamót Þjálfa haldið að venju. Þar kepptu 2 ungmenni frá Þjálfa. Knapi ársins hjá Þjálfa var síðan kosin Birna Hólmgeirs dóttir, 19 ára, úr æskulýðsdeild Þjálfa.

21.22. og 23. **ágúst** auglýsti æskulýðsdeildin reiðnámskeið á félagssvæði Þjálfa á Einarss töðum. Var það líka hugsað til að undirbúa þá krakka og ungmenni sem áhuga hefðu á að taka þátt í Firmakeppni Þjálfa, sem er eina innanfélagsmótið. Það var haldið að kvöldi 23. ágúst. 13 krakkar tóku þátt í námskeiðinu, svipaður kjarni og verið hafði áður að reiðnámskeiðum í Torfunesi. Kennari var Camilla Hoj frá Akureyri, en hún hefur lokið fyrsta stigs reiðkennraréttindum frá Hólum. Skemst er frá því að segja að mikil ánægja var með námskeiðið og farnir voru útreiðtúrar um Reykjadalinn og æft á Einarssstaðavelli. Og síðast en ekki síst tóku 15 krakkar/unglingar/ungmenni þátt í Firmakeppni Þjálfa og er það algjört met hjá féluginu. Voru gestir og dómarar á mótinu mjög hissa á að við gætum haft svona margt ungt fólk í reiðmennskunni hjá okkur, og var spurt hvernig við færum að þessu?

Til viðbótar við framanskráð, fóru einhverjar stúlkur úr æskulýðsdeildinni á reiðnámskeið í Saltvík, á vegum Grana. Ekki er þar um að ræða menntaða reiðkennara og því með öðru sniði en námskeið á vegum Þjálfa. Njóta krakkar beggja deildanna sömu kjara.

Að lokum má nefna að eldri félagsmenn (stúlkur) æskulýðs - deildarinnar komu að skipulagningu, undirbúningi og unnu á mótum Þjálfa, þ.e.a.s. á Myvatn Open og á Einarssstaðamóti og Firmakeppni og er það vel. Hins vegar er nokkuð ljóst, að félagsstarf og námskeiðshald af þessum toga, verður ekki unnið nema með fórnfysi og elju þeirra sem að því standa. Eru þar margar vinnustundir og ansi margir olíulítrar, sem stjórnarmenn æskulýðsdeildarinnar og fjöllsskyldur þeirra, hafa lagt að mörkum. Það ber að þakka! Æskulýðsdeildin fékk 100.000 styrk frá Pingeyjarsveit árið 2011, en engan 2012 (2011 styrkurinn kom hins vegar inn hjá okkur í byrjun 2012 og notaðist á árinu.) – Einnig fengum við 20.000 frá Sparisjóði Suður Þing. Aðra styrki til niðurgreiðslu námskeiða fékk æskulýðsdeildin ekki. Þessir styrkir voru eingöngu notaðir til að greiða niður kostnað af námskeiðum, þ.e.a.s. fyrir reiðkennara og aðstöðu í reiðhöll.

#### **Þjálfí 2012 – að lokum:**

Skráðir félagar í Þjálfa eru samtals 134 og þar af eru 63 yngri en 21 árs.

Stjórnarfundir urðu alls 5 á árinu. Aðalfundur var haldinn 2. maí 2012. Að öðru leiti viljum við minna á heimasíðu Þjálfa, [www.123.is/thjalfi](http://www.123.is/thjalfi) og Facebook síðu æskulýðsnefndarinnar, Æskulýðsstarf Þjálfa.

Staðarhóli í febrúar 2013

Bryndís Ívars dóttir

ritari

## Íþróttafélagið Magni



Starf Magna var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2012. Fótboltinn var allsráðandi og var árangurinn með ágætum. Elfar Bragason var ráðinn þjálfari yngri flokka og eru allir ánæggðir með hans störf. Yngri flokkarnir tóku þátt í hefðbundnum mótum, eins og Goðamótum, Greifamóti, Strandamóti og Nikulásarmóti. Einnig var 5. flokkur með á íslandsmóti. Margir krakkar æfa svo og keppa með Akureyrarliðunum einnig. Hins vegar eru við í þeim sporum að eftir 5 flokk, þá fjarar krakkastarfið nánast út, vegna þess að krafan um 11 manna lið kemur þar inn. Þó er nú svo að einhverjar tilraunir hafa verið gerðar með 7 manna lið þar líka, en það er eini möguleiki okkar til að halda úti liði vegna þess hve fáa krakka við höfum. Ennfremur er að myndast töluverð togstreita á milli Magna og Akureyrarliðanna, vegna þess að þeir sem skara fram úr eru farnir að spila með þeim, sem gerir það að verkum að erfitt getur verið að ná í lið fyrir okkur. Og er það í sumum tilfellum meira „foreldravandamál“ heldur en hitt! Meistarflokkur félagsins náði í undanúrslit 3 deildar, en féll naumlega úr leik fyrir Ægi úr Þorlákshöfn. Á þessu ári verður hins vegar keppt eftir öðru fyrikomulagi, sem þýðir það að úrslitakeppni um sæti dettur út og er það vel. Þjálfari meistaraflokkss er Atli Már Rúnarsson.

Ýmsar breytingar eru fyrirhugaðar á starfi Magna til að auka á fjölbreytnina. Verið er að leita að þjálfara fyrir frjálsar íþróttir í sumar og á haustdögum hefur verið ákveðið að bjóða uppá borðtennis og handbolta.

Íþróttafélagið Magni var rekið með hagnaði á árinu 2012. Stjórn félagsins kappkostar alltaf að reka félagið skynsamlega og er ekki að taka neinar áhættur í starfinu. Mikill hugur er þó í fólkí hér og er stjórnin ásamt fleirum farinn að huga að því að bæta aðstöðu við íþróttavöllinn, þ.e húsakost. Þar er gamall sundlaugarskúr sem heldur hvorki vatni né vindi og löngu orðið tímabært að gera eitthvað í því. Félagið verður 100 ára 2015 og vonandi verður búið að gera upp myndarlega aðstöðu fyrir þann tíma.

Með kveðju  
F.H stjórnar Magna  
Þorsteinn Þormóðsson



Magnastrákar í 5. flokki á góðri stund.

## Íþróttafélagið Völsungur

### Aðalstjórn Völsungs:

Stjórnin fundaði reglulega eða einu sinni í viku og fór tíminn fram að aðalfundi sem var haldinn 4. maí í það að undirbúa fundinn en ákveðið var að fara í gegnum lög félagsins og gera á þeim ákveðnar breytingar. Á aðalfundinum var ný deild stofnuð en það er Mótorsportdeild Völsungs og bjóðum við hana velkomna til starfa innan félagsins. Allir stjórnarmenn héldu áfram einn nýr var kosinn sem varamaður Víðir Svansson. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elín Gunnsteinsdóttir ritari, Már Höskuldsson og Lúðvík Kristinsson meðstjórnendur, Emilia Aðalsteinsdóttir og Víðir Svansson varamenn. Breytingar urðu hjá okkur en Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdarstjóri léti af störfum og Kjartan Páll Þórarinsson tók við af honum. Nýr grevigrasvöllur var vígður í ágústlok á Kiwanismótinu í fótbalta og voru það okkar yngstu meðlimir er töku fyrstu spyrnurnar en það eru jú þau er koma til með að nýta völlinn í framtíðinni.

Félagið varð 85 ára 12. apríl og var haldið upp á það í Hölliinni og félagið heiðraði nokkra Völsunga með gull og silfurmerki félagsins. Silfurmerki fengu: Björn Haraldsson, Jón Benónýsson, Bragi Sigurðsson, Kristín Magnúsdóttir, Hrönn Steinþórðóttir, Július Bessason og Pétur Helgi Pétursson.

Gullmerki fengu: Halldór Ingólfsson, Sigurjón Jóhannesson, Höskuldur Sigurgeirsson, Védís Bjarnadóttir, Haukur Logason og Sigríður Böðvars dóttir. Stjórnin hélt two fundi með formönnum deilda á síðasta ári og er það liður í að auka upplýsingaflæði á milli deilda og milli deilda og stjórnar. Aðalstjórn hefur yfirumsjón með öllum fjárlöflum deilda og sér um að fá deildir eða flokka til þess að sinna þeim störfum sem okkur er gert að gera samkvæmt samningi við bæjarstjórn Norðurþings en það eru þrettándinn, 17. júní, kveikja á jólatrénu og gamlárvkvöld.

**Þrettándinn og gamlárvkvöld:** varð að einni skemmtun á þrettánanum þar sem veður var mjög slæmt á gamlárvkvöld en það var 4.fl. kvenna og aðalstjórn sem sá um þessa atburði. Kiwanismenn sáu um að skjóta upp flugeldum.

**17 júní:** Utanlandsfarar (3.flokkar kk og kv knattspyrnu) tóku að sér 17. júní hátíðahöldin að þessu sinni. Hátíðahöld voru með hefðbundnu sniði með skrúðgöngu og skemmtun í íþróttahúsinu.



Silfur- og gullmerkishafar á afmæli Völsungs. Myndir: 640.is

**Tendrun ljósa á jólatré í upphafi aðventu: knattspyrnudeild sa um þennan atburð.**

**Hreyfingaskóli Völsungs:**

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 45 min. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 25 börn eru skráð á haustönninni.



**Íþróttaskóli Völsungs:**

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s.

tveir hópar yngir og eldri barna. Í haust eru skráð 50 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra

**Fimleikar:**

Fimleikarnir gengu ágætlega árið 2012, 15 manna hópur stelpna fór í æfingarbúðir til Ollerup í Danmörku ásamt þjálfara og farastjórum í ágúst ferðin heppnaðist mjög vel og voru stelpurnar ánægðar með dvölina. Í haust hefur orðið örlítill fækkun iökunda innan deildarinnar en starfið gengur mjög vel, þjálfararnir okkar fóru á námskeið á vegum FSÍ í byrjun hausts.

**Handknattleikur:**

Handknattleiksiðkun er með áþekkum hætti og síðastliðið ár og eru starfræktir 4., 5. og 6./7. flokkar drengja og 5./6. flokkur stúlkna. Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma af stað stelpnaflokkum en ekki gengið sem skyldi.

4. flokkur drengja er að standa sig mjög vel og var Ásgeir Kristjánsson valinn í landsliðsúrtak U-16 hjá HSÍ. Þetta er mikil hvatning og viðurkenning bæði fyrir hann og félaga hans í 4. flokki. Meistaraflokkar hafa ekki tekið þátt í deildarkeppni þennan veturinn en karlarnir tóku þátt í bikarkeppni HSÍ og komust í hót þeirra 16 sterkstu á landinu en voru slegnir út í heimaleik við Stjórnuna í Garðabæ.



**Blak:**

Starfsemi blakdeilda var með líflegasta móti á síðasta ári. Iðkendum deildarinnar hefur fjlgað mikið á síðastliðnum tveimur árum og stunda nú um 50 manns blak í hópi fullorðinna. Öldungamótið í blaki fór fram í Fjallabyggð og átti Völsungur þrjú lið á verðlaunapalli. Í haust hófust aftur blakæfingar barna og unglings á aldrinum 10-14 ára undir stjórn Ingibjargar Gunnarsdóttur og ganga þær æfingar mjög vel.

### **Boccia:**

Starfsemi bocciadeildar var með hefðbundnu sniði árið 2012, nokkur fjölgun var í hópi iökenda og var æfingum fjölgað. Þéttur hópur fólks stundar boccia hjá Völsung. Iökendur taka þátt í Íslandsmótum og opnum mótm. Bocciadeild stendur fyrir firmakeppni á hverju ári í samstarfi við Kiwanis á Húsavík. Þar koma saman reyndir og óreyndir spilarar leika sér í boccia og að loknu móti heiðrar Kiwanis íþróttamenn ársins. Þetta móti og þessi dagur löngu búið að skipa sér sess meðal bæjarbúa.



**Sund:** Er starfræktar í náinni samvinnu við HSP og verður einungis vísað í skýrslu sundnefndar HSP hér.

**Frjálsar:** Eru starfræktar í náinni samvinnu við HSP og verður einungis vísað í skýrslu frjálsíþróttaráðs HSP hér.

### **Gönguskíði:**

Stór hópur fólks stundar íþróttina orðið reglulega þegar færi gefst til við oft á tíðum mjög góðar aðstæður. Margir hafa unnið ötult sjálfbóðastarf við að bæta aðstöðuna á heiðinni auk þess sem mikil vinna hefur verið lögð í að byggja upp barna- og unglingsastarf í félaginu. Ýmsir eru farnir að þokast upp afrekslistann og gönguskíðamenn áttu fulltrúa í Vasa göngunni. Hápunktur ársins er Orkugangan þar sem gengið frá Mývatnssveit og til Húsavíkur en vegna snjóleysis var ekki hægt að hafa gönguna þannig þetta árið.

### **Skíði alpagreinar:**

Fáir iökendur alpagreina eru á Húsavík en snjóleysi hamlar reglubundnum æfingum á skíðasvæði Húsvíkinga. Áhugasamir iökendur leysa málið með því að æfa með Mývetningum en keppa samt sem áður undir merkjum Völsungs á Íslandsmótum. Þrír þátttakendur frá Völsungi kepptu á Andrésar andarleikunum og stóðu þau sig mjög vel og komu heim með tvo verðlaunapeninga.



### **Knattspyrna:**

Knattspyrnudeild sér um rekstur meistaraflokkar karla og kvenna. Karlalið Völsungs spilaði í 2. deild og vann deildina undir stjórn þjálfarans Dragan Stojanovic og Vilhjálms Sigmundsonar aðstoðarþjálfara. Kvennaliðið varð í 3. sæti undir stjórn Jóhanns Rúnars Pálssonar. Völsungar voru mikið á ferðinni með yngri landsliðum Íslands í sumar Ásgeir Sigurgeirsson fór á Norðurlandamótið í Færeyjum með U17, Hafþór Mar Aðalgeirsson spilaði með U19 gegn Eistlandi og æfði með hópnum í undibúningi fyrir Evrópumótið í Króatiu en þurfti að daga sig út úr hópnum vegna meiðsla. Hulda Ósk Jónsdóttir fór til Slóveníu með U17 og tók þátt í undankeppni En auk þess sem Dagbjört Ingvarsdóttir, Jana Björg Róbertsdóttir, Arnþór Hermannsson og Hrannar Björn Steingrímsson tóku öll þátt í landsliðsæfingum á árinu.

### **Yngri flokkar knattspyrnu:**

Völsungur tefldi fram liðum í öllum flokkum á Íslandsmóti karla og kvenna síðastliðið sumar. Og er skemmt frá því að segja að við náðum mjög góðum árangri með flesta flokkana og gefa þá stelpurnar strákunum ekkert eftir hvað það varðar. Völsungur hefur haft á að skipa hót af hæfum þjálfurum og má fullyrða að hluti skýringar á háum iðkendafjölda knattspyrnunnar á Húsavíkur liggur í góðum þjálfurum ásamt ríkri hefð fyrir knattspyrnuiðkun á Húsavík.



### **Mótorsporteild:**

Ný deild sem var stofnuð á aðlfundi Völsungs í maí með því að verða deild innan Völsungs eru þeir orðnir félagar innan MSÍ og geta því keppt á mótum á vegum þeirra sem Völsungar. Og hver veit nema innan fárra ára eigi Völsungar Íslandsmeistara í einhverri grein mótorsports.

### **Siglingadeild:**

Siglingadeildin hélt námskeið í sumar í samstarfi við þjálfara frá Akureyri, þátttaka var mjög góð.

*Hér er einungis stiklað á stóru. Ef áhugi er á að kynna sér starfsemi Völsungs nánar þá er Jólablað Völsungs gefið út árlega en þar er að finna greinar frá öllum hópum litlum og smáum sem starfa undir merki Völsungs.*

*Fh stjórnar Völsungs  
Guðrún Kristinsdóttir  
formaður Í.F. Völsungs*



Gervigrasvöllurinn

## Mývetningur, íþróttá- og ungmenningarfélag

Skráðir eru 172 félagar og eru iökendur 78 samkvæmt Felix



Árið var frekar hefðbundið og var að vetri lögð megin áhersla á að standa á bak við skíðaiökendur ásamt því að halda úti fótbalta fyrir yngri flokka og stuðla að blakiðkun fyrir fólk á besta aldri. Æfingar voru þrisvar í viku fyrir okkar skíðafólk og farið var í keppnir á vegum félagsins. Keppt var á Jónsmóti, Kröflumóti, Oddskarðsmóti og Andrésarleikum. Þetta árið stóð félagið fyrir keppni í Kröflu fyrir Mývetninga og keppendur frá Austfjörðum, mótið tókst með áægtum og er ákveðið að halda þessum viðburði áfram um ókomin ár. Við eignuðumst talsvert af verðlaunum fyrir skíðin á árinu. Farið var í æfingaferð á skíðum til Ítalíu í janúar, 21 félagar fóru í ferðina sem tókst í alla staði mjög vel. Fótbolti var æfður tvísvar í viku ásamt því að haldið var úti krakkablaki fyrir 12-16 ára ungmenni.

Blakdrottningar fóru á öldungarmót og stóðu sig með ágætum. Þegar kom að sumri var ljóst að við myndum ekki ná í lið til að fara á móti í fótbalta og var því ákveðið að halda úti æfingum fyrir ungmenni í fótbalta tvísvar í viku þar sem allir væru að njóta þess að sparka sér til ánægju. Sundnámskeið var á vordögum líkt og undafarin ár. Einnig var haldið úti leikjanámskeið fyrir yngir flokka. Á haustdögum var sett upp vetrarprógram þar sem lögð var megin áhersla á iðkun en ekki keppni vegna fækkunar í hverjum flokki. Æfður var fótbolti og síðan körfubolti. Einnig var farið í samstaf við grunnskólann um að vera með leikjanámskeið fyrir yngstu nemendurnar. Mývetningur leggur til þjálfara og skólinn gæslu, þetta er framkvæmt einu sinni í viku í tvær kennslustundir í senn. Hefur þetta mælst vel fyrir og erum við stolt af þessu framtaki. Snjór féll frekar snemma þetta árið og var lyftan klár í fyrra falli til notkunar. Skíðin eru ein af okkar aðala greinum að vtri og hafa nýir iökendur bæst í hópinn sem er gott.

Blak er stundað af kappi með það að markmiði að fá góða hreyfingu ásamt því að komast í móti. Þar er sérstakelga stefnt á öldungamót sem verður í Kópavogi í vor.

Engar stórar framkvæmdir voru á árinu að hálfu félagsins.

Stjórn Mývetnings

Yngvi R. Kristjánsson formaður

Kolbrún Ívars dóttir gjaldkeri

Ólöf Gunnarsdóttir ritari

Jón Óskar Ferdinandsson meðstjórnandi

Hrefna Sigurgeirs dóttir meðstjórnandi



Á fullri ferð niður brekkuna



GOÐINN  
MÁTAR

## Skákfélagið Goðinn - Mátar

Árið 2012 var starfsemi félagsins í miklum blóma og árið var einnig mjög sögulegt fyrir félagið. Árlegt skákþing Goðans var haldið í febrúar og stóð Rúnar Ísleifsson uppi sem sigurvegari. Gestamót Goðans var haldið í Reykjavík í janúar og var það fyrsta skákmótið sem félagið heldur sunnan heiða. Mótið var gríðarlega sterkt, enda einungis fyrir félagsmenn Goðans auk þess sem öflugum skákmönnum utan félagsins var boðin þátttaka. 22 keppendur tóku þátt í því. Íslandsmót skákfélaga-seinni hluti fór fram á Selfossi í marsþurjun. Þar vann félagið sinn stærsta sigur til þessa þegar A-liðið vann 2. deildina með ótrúlegum úrslitum í lokaumferðinni á meðan helsti keppinauturinn tapaði stórt. Þar með var ljóst að Goðinn tæki þátt í 1. deild í haust í fyrsta sinn. Á einungis 6 árum hefur félagini tekist að komast í hóp sterkstu skákfélaga landsins.

Í maí byrjun tók Goðinn að sér að halda Landsmótið í skólaskák í fyrsta sinn. Mótið var haldið í Stórutjarnaskóla, í góðu samráði við skólastjórnendur þar og heppnaðist afar vel. Snorri Hallgrímsson og Hlynur Snær Viðarsson unnu sér keppnisrétt á mótið og stóðu sig með prýði. Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands og Stefán Bergsson hjá Skákakademíunni komu sérstaklega á mótið til þess að fylgast með.

Félagið hélt útiskákmót við Goðafoss í júní og þurftu keppendur að tefla með vettlinga í norðan þurrakulta.

Undirbúningur fyrir Íslandsmótið hófst strax í júní því ljóst þótti að styrkja þurfti A-sveit Goðans fyrir átökin í 1. deild næsta veturnar til þess að falla ekki strax aftur niður. Því var samið við Ensku stórmestarann og breska meistarinn í skák, Gawain Jones, um það að ganga til liðs við félagið, frá Mánum. Í ágústþurjun var svo samið við Þróst Þórhallsson, Íslandsmeistarann frá því um vorið, um að ganga til liðs við félagið. Einnig var samið við Helga Áss Grétarsson stórmestara sem gekk til liðs við félagið síðumars og Bandaríkjameinnina John Bartholomew og Irinu Krush stórmestara kvenna, um að ganga til liðs við félagið. Allt í einu var Goðinn orðið mjög öflugt félag með nokkrar stórmestarar innanborðs auk alþjóðlegra meistara.

Á haustdögum hófust síðan nokkuð óvæntar viðræður við taflfélagið Máta um sameiningu Goðans og Máta. Þeim viðræðum lauk með því að ákvörðun um sameinigu var tekin og staðfest á félagsfundi í september. Sameinað félag fékk nafnið Goðinn-Mátar og á kennitolu Goðans. Sameiningin markaði ákveðin tímamót í Íslenskri skáksögu því aldrei áður höfðu skákfélög sameinast og upphófst því nokkurt þóf um hvort sameinað félag myndi erfa réttindi beggja félaga á Íslandsmótinu. Niðurstaðna varð sú að bæði félög myndu halda áunnum réttindum á Íslandsmótinu og allt í einu var Goðinn-Mátar komin með lið í öllu deildunum fjórum á Íslandsmótinu. Félagatalið stækkaði einnig talsvert enda voru um áramót tæplega 90 manns skrárðir í Goðinn-Máta og félagið það sjötta fjölmennasta á landinu. Með sameiningunni fyldi líka útgáfurétturinn að Tímaritinu Skák sem styrkir félagið fjárhagslega.

Íslandsmótið 2012-13 hófst í október og gekk A-liðinu samkvæmt áætlun og var um ármót í 5. sæti í 1. deild og ekki í neinni fallhættu. Markmiðinu um að halda liðinu meðal þeirra bestu gengur því að öllum líkindum upp. B-liðið er í 2. deild og hefur góða

möguleika á því að vinna sig upp í 1. deild að ári. Takist það verður Goðinn-Mátar með tvö lið í 1. deild að ári, sem yrði auðvitað algjör snilld. C og D-liðin eru bæði í 3. deild og siglir C-liðið lygnan sjó þar en D-liðið fellur líklega niður í 4. deild að ári. Þar sem ekki tókst að manna nema í 4. lið þetta keppnistímabil og vegna áunnina réttinda Máta, kom sú sérstaka staða upp að Goðinn-Mátar tefldu ekki fram neinu liði í 4. deild í ár í fyrsta skipti í sögunni. Var það kærkomið fyrir marga stigalægri félagsmenn þar sem þeir fengu núna tækifæri til að spreyta sig í 3. deild í fyrsta skipti.

Framsýnarmótið var haldið í október og vann Sigurður Daði Sigfússon það, líkt og árið áður. Hérðasmót HSP í skák fyrir 16 ára og yngri var haldið í Dalakofanum á Laugum í október og var góð þátttaka á því. 22 krakkar kepptu og bauð svo félagið öllum í pizzuhlaðborð að móti loknu. 15 mín mótið var á dagskrá í nóvember og hraðskákmótið í desember. Nýtt kennsluefni í skák var notað í veturn. Smári Rafn Teitsson samdi það og gafst það vel. Formaður hefur séð um skákkennslu í þremur skólum í veturn og hafa um 12 nemendur nýtt sér það. Kennslan er samkvæmt samningi við Norðurþing og Þingeyjarsveit.

Það er mat formanns að félagið sé og verði áfram öflugt félag sem komi til með að láta til sín taka á næstu árum.

Hermann Aðalsteinsson  
formaður Skákfélagsins Goðans-Máta

## Skotfélag Húsavíkur

Skotfélag Nýliðið ár var að venju nokkuð viðburðarrikt í starfi skotfélagsins. Mótahald var með svipuðum hætti og undanfarin ár en stórir viðburðir settu þó meiri svip á mótaðaldið en vant er. Þannig var Norðurlandsmóti í skeet haldið á Húsavík þetta árið auk þess sem Stí mótið það sem sett var á Húsavík í fyrsta skipti árið 2011 var endurtekið og þótti takast afar vel í alla staði. 2 móti voru haldin á riffilvellinum sem tókust ágætlega og virðast slíkir viðburðir ætla að festa sig í sessi ef fram heldur sem horfir. Framkvæmdir á árinu voru í nokkru lágmarki miðað við sum undanfarin ár en þar ber helst að nefna uppsetningu á skotaðstöðu til framkvæmda á riffilprófum fyrir hreindýraveiðar sem gengu í gildi á árinu. Framkvæmd prófanna hjá félaginu tókst vel í alla staði og bauð félagið uppá mun meiri þjónustu, sérstaklega er varðar próftíma heldur en mörg önnur félög sem tóku þessa þjónustu að sér.

Fjáraflanir ársins voru með allra mesta móti og vógu þar þyngst nýjir tekjustofnar. Félagið tók m.a. að sér öryggisgæslu á mærudögum auk þess sem skotgámur á vegum félagsins var á svæðinu eins og mörg undanfarin ár. Er það mat stjórnar að félagið hafi sýnt mikinn styrk með því að ná nokkuð auðveldlega að manna þessa vinnu þegar tekið er tillit til þess um hversu mörg stöðugildi er að ræða. Auk þessa skilaði firmakeppni skeetdeilda afbragðsárangri í fjárlöfun sem og skotprófin nýju sem áður hefur verið vikið að.

Keppnismenn félagsins voru nokkuð áberandi á árinu. Sigurður Hauksson vann allt sem hægt er að vinna í unglingsflokki Stí auk þess sem hann hafði yfirburði í



innanfélagsmótum félagsins. Langstærsta afrek hans var þó sigur í Stí mótinu á Húsavík þar sem flestir bestu skeetmenn landsins voru samankomnir til að etja kappi. Auk þess vann hann einnig Norðurlandsmótið á Húsavík þar sem 1 dúfa skildi að fyrsta og annað sætið. Keppendur á riffilflokkum reyndu fyrir sér á mótum sem fram fóru á Egilsstöðum og Akureyri og tókst vel til. Verðlaunahafar í þessum mótum frá félaginu voru Reynir Hilmarsson, Gylfi Sig og Kristján Arnarson Segja má að frammistaðan hafi sýnt að bestu riffilskyttur klúbbsins standi félögum sínum annarsstaðar á landinu ekki að baki nema síður sé.

Fh stjórnar  
Kristinn J Lund

## Ungmennafélag Langnesinga

Hjá Ungmennafelaginu störfuðu alls 8 þjálfarar í mis langan tíma á árinu 2012 í fótbalta, handbolta, frjálsum íþróttum, fimleikum, leikjaskóla og boltaskóla, og þakkar stjórn UMFL þessu góða fólki fyrir samstarfið á liðnu ári.



Fyrirkomulagið á æfingunum síðasta haust og sumar voru með sama sniði og undanfarin ár. Allir flokkar í fótbalta fengu 2 æfingar í viku sem og iökendur í frjálsum íþróttum og fimleikum. Haustönnin var hins vegar með örlítið breyttu sniði. Iökendur 11-18 ára (2-5 flokkur) fengu eina æfingu í viku í fótbalta og eina æfingu í handbolta. Einnig fékk þessi hópur að stunda Afreksskólann okkar en þar er lögð áhersla á frjálsar íþróttir og fimleika. Iökendur 10 ára og yngri fengu 2 æfingar í viku í svokölluðum leikjaskóla annars vegar og boltaskóla hins vegar.

Ungmennafelagið hefur lagt mikla áherslu á að fá til sín fólk sem hefur áhuga og vilja til að taka að sér verkefni á borð við þjálfun. Gaman er að geta þess að á liðnu ári störfuðu 2 þjálfarar hjá UMFL með B.s. gráðu í íþrótttafræðum sem er frábær þróun.

Ungmennafelagið hélt sömu æfingargjöldum hjá sér árið 2012 líkt og síðustu 3 ár þar á undan. Ákveðið var að halda systkyna afslættinum þ.e.a.s. þriðja barn, fjórða barn o.s.frv. í fjölskyldu borga ekki æfingargjöld. Ungmennafelagið var með eitt gjald fyrir alla iökendur á allar þær æfingar sem eru í boði hvort sem um var að ræða fótbalta, handbolta, afreksskólann, leikjaskóla eða boltaskóla

Aðalfundur var á árinu og var hann haldin í janúar þar sem ný stjórn var kosin til eins árs.

Starfið síðasta sumar var með nokkuð breyttu sniði þar sem ekki fengust þjálfarar til að halda úti æfingum. Reynt var að hafa einhverjar æfingar en sumarið var afar erfitt fyrir okkur vegna þessa. Þrátt fyrir það fórum við í samstarf við Knattspyrnudeild Fjarðarbyggðar um 2. flokk karla. Farið var með sameiginlegt lið Fjarðarbyggðar/Leiknis/UMFL í íslandsmót og gekk samstarfið vel.

Frjálsar íþróttir og fimleikar voru stundaðar á liðnu ári í formi Afreksskólans okkar. Farið var á frjálsíþróttamót á Húsavík og auðvitað á okkar árlega Ásbyrgismót. Þar áttum við fullt af keppendum í fótbalta og frjálsum. Ákveðið var að hvert félag fyndi sinn fulltrúa í

svokallaða undirbúningsnefnd og fékk UMFL Kristinn Láruson til að vera sinn fulltrúi í henni.

Afreksskóli var stofnaður hjá féluginu 2011 þar sem frjálsar og fimleikar eru stundaðar og hefur þessi skóli heppnast afar vel. Mikil og góð mæting hefur verið í skólann og er fólk almennt mjög ánægt með þessa nýju nálgun á frjálsum íþróttum og fimleikum.

Fjáraflanir hafa verið með sama sniði og síðustu ár. Seldar voru rækjur, félagið var með grill á kátum dögum, félagið selur vörur merktar féluginu sem og markvissa dósasöfnun er í þorpinu.

UMFL gerði stóran samning við Langanesbyggð um að halda úti félagsmiðstöð og félagsstarfi á Þórshöfn. Í stórum dráttum felur það í sér að UMFL sér um framkvæmd og skipulagningu á félagsmálum og sveitarfélagið kemur með fjármagn og veitir afnot á sínum mannvirkjum.

Í lokin á þessari yfirferð viljum við þakka öllu því góða fólk sem hefur komið að starfsemi félagsins á liðnu ári. Margir góðir hlutir hafa verið gerðir hjá féluginu en auðvitað má alltaf gera betur einhversstaðar eða hlutir ganga ekki upp en þannig er nú bara lífið. Einnig vil ég þakka öllum styrktaraðilum okkar sem standa þétt við bakið á okkur.

Þótt að mikið og gott starf hafi verið unnið á síðustu árum í íþróttamálum hér á Þórshöfn þá má aldrei stoppa heldur horfa alltaf fram á veginn og muna að margar hendur vinna létt verk. Í framtíðinni vill félagið vera með metnaðarfulla þjálfara í vinnu sem koma undirbúnir í vinnuna og halda uppi ungmannafélagsandanum. Einnig eru mörg framtíðarverkefni sem eru í skoðun svo sem að stofna siglingaklúbb (kanó), koma upp motorcrossbraut og skotsvæði, hrinda í framkvæmd Langaneshlaupi og finna húsnaði fyrir starfsemi félagsins.

Ungmannafélagskveðjur  
F/h UMFL  
Þorsteinn Ægir Egilsson

## Ungmannafélagið Snörtur

Árið hefur verið með sama sniði og undanfarin ár. Æfingar hófust í júníþyrjun og áherslan lögð á undirbúning vegna Ásbyrgismóts sem gekk vel eins og venjulega. Áhersla var lögð á frjálsar íþróttir en annað var tekið fyrir líka eins og knattspyrna og leikir.

Nokkrir aðilar hér af svæðinu nýttu sér íþróttæfingar á Húsavík og sameinuðust foreldrar þeirra um ferðir þangað.

Fækkun iöknda hefur verið vandamál hjá okkur sökum fámennis. En vonandi breytist það.

Guðmundur Magnússon  
Umfi. Snerti

## Eftitalin félög skiliðu ekki ársskýrslu:

Íþróttafélag Laugaskóla  
Ungmannafélag Öxarfjarðar  
Ungmannafélag Tjörnesinga  
Ungmannafélagið Afturelding

Ungmannafélagið Reykhverfungur  
Ungmannafélag Bakkafjarðar  
Boltafélag Húsavíkur

## Ungmennafélagið Austri

### Æfingar.

- Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum 2x í viku í janúar og febrúar en 1x í viku frá mars til maí. Þjálfari var Jóhann Skagfjörð Magnússon.
- Fótbaltaæfingar voru 2x í viku frá mars til maí og var þjálfari Sigursteinn Agnarsson.
- Boðið var upp á fótbaltaæfingar 2x í viku í júní og júlí í umsjón Þorgeirs Brimis Harðarsonar og frjálsar 2x í viku auk leikjanámskeiðs fyrir yngstu börnin í umsjón Karítasar Ríkharðsdóttur. Einnig fengum við Selmdísi Þráinsdóttur 2x í sumar til að aðstoða við þjálfun í frjálsum íþróttum.
- Eftir sumarið lentum við í töluluverðum vandræðum með að fá þjálfara en Sigursteinn Agnarsson tók að sér fótbaltaæfingar 2x í viku í nóvember og desember.
- Hjörvar Gunnarsson frá Húsavík var með frjálsíþróttæfingu í desember og buðum við nemendum Öxarfjarðarskóla að koma og þáðu fjórir nemendur það boð. Þessu hefur svo verið haldið áfram nú í byrjun ársins 2013.
- Boðið var upp á námskeið í badmintoni í október og nóvember í tilefni af Menningardögum. Leiðbeinandi var Ragnar Skúlason og var námskeiðið bæði fyrir börn og fullorðna. Þátttaka var mjög góð.



### Þátttaka í mótum og fl.

- Dagný Ríkharðsdóttir keppti á Stórmóti ÍR og MÍ 11-14 ára í Reykjavík í janúar og febrúar og náði 3. sæti með boðhlaupssveit HSþ í 4x 200m hlaupi. Einnig keppti Dagný á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi.
- Níu keppendur frá UMF Austra tóku þátt í marsmóti HSþ á Húsavík og áttum við sex fulltrúa á Sumarleikum HSþ. Á nóvembermóti HSþ áttum við aðeins 3 keppendur en mótinu hafði verið frestað vegna veðurs og margir búnar að gera aðrar ráðstafanir þessa helgi.
- Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Laugum sl. summar í umsjón frjálsíþróttaráðs HSþ og fóru fjórir unglingar frá okkur þangað; Birgir Þór Björnsson, Brynja Dögg Björnsdóttir, Dagný Ríkharðsdóttir og Friðrik Þór Ragnarsson. Mikil ánægja er með þetta starf og vonum við að því verði haldið áfram.
- UMF Austri tók að sjálfsögðu þátt í hinu árlega Ásbyrgismóti. Þátttaka var góð og urðum við í 2. sæti í stigakeppnninni.
- Kasper Jan og Júlia Rós Róbertsbörn kepptu í héraðsmóti í sundi á Laugum í október. Kasper Jan vann 50 metra skriðsund og Júlia Rós vann 25 metra bringusund.
- Friðrik Þór Ragnarsson fór í Knattspyrnuskóla Bobby Charlton í Englandi í ágúst.



Frá 17. júní á Raufarhöfn

### Aðalfundur og stjórn.

- Aðalfundur UMF Austra var haldinn 15. febrúar. Olga Friðriksdóttir, Birna Björnsdóttir og Jóhann Skagfjörð voru kosin til áframhaldandi stjórnarsetu en Berglind Friðbergasdóttir og Kristín Þormar gáfu ekki kost á sér.
- Formlegir stjórnarfundir voru fimm en töluvert fleiri óformlegir enda störfuðu allir stjórnarmenn á saman vinnustað.
- Í nóvember var haldinn auka-aðalfundur og var tilgangur hans að fá fullmannaða stjórn og ákvörðunartaka um áframhaldandi þátttöku í byggingu sparkvallar. Einar E. Sigurðsson og Ragnar A. Jóhannsson voru kosnir í stjórn.

### Aðrir viðburðir.

- 26. febrúar var ársþing HSP haldið á Raufarhöfn og bauð UMF Austri upp á veitingar og lagði til starfsmenn.
- UMF Austri sá um kvennahlaupið sem haldið var 16. júní. Góð þátttaka var og var þáttakendum boðið í sund á eftir.
- Að venju sá UMF Austri um hátíðarhöld á 17. júní. Seldar voru blöðrur og sælgæti, boðið var upp á andlitsmálningu og farin var skrúðganga sem endaði á íþróttavellinum þar var farið í óhefðbundna leiki eins og t.d. fiskakast, konuhlaup (karlmenn hlupu með konur á bakinu) o.m.fl. Því næst voru grillaðir hamborgarar og veittar viðurkenningar fyrir árið 2011. Íþróttamaður ársins 2011 var Dagný Ríkharðsdóttir og fengu allir þeir sem höfðu stundað æfingar á árinu 2011 viðurkenningarpening.
- UMF Austri er í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing um byggingu sparkvallar. Framkvæmdir eru hafnar og vonast er eftir að þeim ljúki sumarið 2013.
- UMF Austri keypti lyftingarlóð þar sem aukinn áhugi hefur verið á lyftingum og eru þau staðsett í íþróttahúsinu.



### Að lokum.

Hér er stiklað á því helsta sem UMF Austri hefur komið að á árinu 2012. Þó reynt sé af alefli að bjóða upp á íþróttæfingar allt árið, þá hefur því miður ekki gengið nógum vel að fá þjálfara til starfa. Æskilegt væri að geta boðið iðkendum á öllum aldri upp á æfingar við hæfi undir stjórn menntaðs íþróttakennara/þjálfara. Ekki vantar áhugann, a.m.k. hjá börnunum, en um 90% grunnskólanema hafa mætt á þær æfingar sem í boði eru. Okkar draumur er að áhugasamur aðili sjái sér hag í að flytja til okkar þannig að hægt sé að bjóða upp á metnaðarfullt starf, bæði hér á Raufarhöfn og í næsta nágrenni.

F.h. stjórnar UMF Austra  
Birna Björnsdóttir  
Olga Friðriksdóttir

## Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma 2012 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógun þann 22. febrúar.

Félagsmenn mættu vel og voru umræður skemmtilegar og góðar. Halldóra í stórn HSþ var gestur á fundinum. Stjórn Bjarma skipa Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri. Nokkrir stjórnarfundir haldnir á árinu til skiptis heima hjá stjórnarmönnun og fór stjórn Bjarma á fróðlegt og skemmtilegt ársþing HSþ þann 26. febrúar á Raufarhöfn. Tvö ár eru frá síðustu nefndarskipan og kom stjórnin saman á vormánuðum og yfirlit nefndir. Fram til maí 2014 eru formenn nefnda þessir: Vallarnefnd Stefán Tryggvason, Frjálsíþróttanefnd Sigurður J. Freygarðsson, Ballnefnd Ósk Helgadóttir, Húsnefnd Arnór Erlingsson, Íþróttanefnd Nanna Þórhallsdóttir, Spilanefnd Torhildur Sigurðardóttir, Knattspyrnunefnd Jóhannes Kristjánsson og Ferðaþjónustunefnd Sigrún Jónsdóttir. Í byrjun árs 2012 hóf Hafdís okkar að keppa undir merkjum UFA þar sem aðstaða til afreksíþróttæfinga er mun betri þar en sú sem við getum boðið uppá, óskum við henni velfarnaðar á nýjum slóðum. Hún hefur keppt á fjölmögum mónum á árinu og staðið sig með mikilli prýði.

Bjarmakrakkar fóru í Kórinn í Kópavogi á seinnihluta Íslandsmóts í blaki helgina 13.-15. apríl, með Olgu Siminyakina þjálfaranum sínum og stóðu sig mjög vel.

Við eignuðumst Íslandsmeistara í ískross í mars þegar Bjarni Hauksson sigraði sinn flokk á Íslandsmeistaramóti.

Í sumar var leikjanámskeið fyrir yngri börn á Bjarmavelli og var það ágætlega sótt. Sá Arney Björnsdóttir um að skipuleggja leiki og leiðbeina krökkunum. Nokkur ungmanni hittust tvívar í viku og spilað fótbalta á Bjarmavelli sér til skemmtunar, hélt knattspyrnunefnd Bjarma utan um þá tíma. Þá sóttu einhver Bjarmabörn frjálsíþróttæfingar á Laugum, en sáu foreldrar um keyrslu á þær æfingar. Þá fóru tvö börn frá Bjarma á UML á Selfossi og gekk þeim vel.

Þá stunduðu Bjarmafélagar ýmsar almenningsíþróttir s.s. sund, hlaup, göngur, fótbalta, skák, fjallgöngurog akstursíþróttir og einhverjir stunduðu skipulagðar æfingar á vegum annarra félaga. Almenningsíþróttanefnd HSþ tilnefndi Hálshnjúk sem annað af tveimur fjöllum Þingeyjarsýlu í verkefni UMFÍ, Fjölskyldan á fjallið. Hálshnjúkur er greinilega vinsæll áfangastaður. Í gestabók átaksins sem formaður Bjarma sótti í september, hafði ótrúlegur fjöldi fólks ritað nafn sitt frá því í lok maí og margir oftar en einu sinni.

Fjögurraskóghlaup Björgunarsveitarinnar Þingeyjar var haldið 28. júlí og endaði á Bjarmavellinum eins og árið áður og hafði þátttakendum fjlógað talsvert. Hlaupið gekk mjög vel í yndislegu veðri. Einhverjir nýttu sér tjaldstæði Bjarma að þessu tilefni en ferðaþjónusta á Bjarmavelli gekk ágætlega í sumar.

Stjórn Bjarma stóð fyrir þremur hjóladögum í sumar, sem heppnuðust mjög vel, þó við vildum gjarnan sjá fleiri koma og hjóla. Endaði síðasti hjólatrinn á Bjarmavelli að kvöldi 16. ágúst þar sem haldin var hin árlega Bjarmahátið, með leikjum, nesti, balli og varðeldi. Æfingar Bjarma í samstarfi við Stóurtjarnaskóla, Gaman og Alvöru og Eininguna, hafa verið hefðbundnar á árinu 2012. Mjög stór hluti grunnskólabarna svæðisins stunda íþróttir eftir skóla og hefur íþróttanefnd Bjarma fengið fólk á svæðinu ásamt nemendum í Laugaskóla til að þjálfa.



Nú hefur verið komið á fót æfingastöð á „gamla bókasafninu“ í Stórutjarnaskóla en í lok árs 2011 sótti Bjarmi um og fékk styrk frá íþróttasjóði ríkissins sem fór í verkefnið. Einnig kom styrkur frá Gaman og Alvöru og Kvenfélagi Ljósverninga til verkefnissins og var æfingastöðin formlega opnuð 25. apríl 2012. Stöðin er í eigu Stórutjarnaskóla og er opin almenningi, en hún er einnig notuð til íþróttakennslu.

Við minnum á að Landsmót 50+ verður haldið í Vík 2013 en á **Húsavík 2014** á afmælisári HSP og Unglingalandsmót **2013** á Höfn.

Stjórnin þakkar nefndum Bjarma gott starf á árinu og hvetur félagsmenn sína til að stunda hreyfingu sjálfum sér til heilsueflingar.

Stjórn Bjarma


## Ungmennafélagið Efling

Íþróttastarf á vegum Eflingar yfir vetrarmánuðina hefur ekki hvað síst snúist um að þjónusta börn á grunnskóalaaldri. Náið samstarf hefur verið á milli félagsins, grunnskólans og íþróttabrautar Framhaldsskólans á Laugum varðandi framkvæmd æfinganna. Þær hafa verið í umsjá nemenda íþróttabrautarinnar, sem hluti verknáms undir stjórn íþróttakennara skólans. Æfingar hafa verið strax að loknum skóladegi og gerir þessi tímasetning það að verkum að yngstu nemendurnir geta nýtt sér akstur skólabíla að æfingu lokinni.

Um sumarið var boðið upp á fótbaltaæfingar fyrir börn úr yngri bekkjum grunnskólans en þau eldri tóku þátt í kvöldæfingum með fullorðnum, auk þess sem sumir sóttu æfingar á Húsavík. Frjálsar íþróttir voru stundaðar undir merkjum HSP á Laugum.

Leikjanámskeið var haldið fyrir börn 6 ára og yngri í 10 skipti og þá hófst á haustmánuðum íþróttaskóli fyrir börn á leikskóalaaldri á laugardögum. Einnig veitir félagið árlega ungum félagsmönnum styrk úr þórdísarsjóði til þess að taka þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ. Að þessu sinni voru fjögur ungmenni styrkt til þátttöku.

Á vegum leikdeildarinnar var sett upp frumsamið verk, *Í gegnum tíðina*, eftir Hörð Pór Benónýsson, sem jafnframt sá um leikstjórn. Að venju kom stór hópur fólks að



uppsetningunni eða á milli 50 og 60 manns, þar af 32 sem fóru á svið. Um tónlistarflutning sá þriggja manna sveit undir stjórn Péturs Ingólfssonar, þar sem tónlist áranna 1950-1980 skipaði ákveðinn sess í frásögninni. Frumsýnt var þann 9. mars í félagsheimilinu á Breiðumýri í Reykjadal fyrir troðfullu húsi. Sýningin fékk mjög góðar viðtökur



áhorfenda og urðu sýningarnar alls 17 og sáu 1447 manns verkið. Kvenfélag Reykdæla stóð fyrir veitingasölu á sýningum og lagði þannig sitt af mörkum við að skapa þessa skemmtilegu kaffleikhússtemningu sem hefur verið einkennandi fyrir leikhús á Breiðumýri um árabil. Auk þess var leikdeildin í samvinnu við Dalakofann, sem hafði á boðstólnum sérstakan leikhúsmatseðil í tengslum við sýninguna og mæltist það vel fyrir.

Bogfimi er vaxandi grein innan félagsins og stunda nú 10 manns skipulagðar æfingar auk þess sem um 60 manns luku byrjendanámskeiði á liðnu ári. Þá hafa auk þess um 80 manns fengið kynningu á íþróttinni á vegum félagsins. Góður árangur náðist á mótum á árinu. Þorsteinn Aðalsteinsson sigraði og Guðmundur Smári Gunnarsson varð í öðru sæti



í opnum flokki og Tómas Gunnarsson varð þriðji í byrjendaflokki á Íslandsmóti innanhúss.

Þorsteinn varð þar með fyrstur Eflingarmanna til þess að verða Íslandsmeistari í greininni. Það ásamt góðum árangri á öðrum mótum ársins varð til þess að hann varð útnefndur íþróttamáður ársins hjá félagini. Á sama móti vann Ásgeir Ingi Unnsteinsson unglingsflokk og Jóhannes Tómasson varð í örðu sæti.

Íslandsmótið utanhúss var haldið á Laugavelli og þar vann Guðmundur Smári gull í opnum flokki karla og Ásgeir Ingi og Jóhannes gull og silfur í unglingsflokk. Síðast en ekki síst þá varð Guðmundur Smári í öðru sæti á Opna Reykjavíkurmótinu, en það er alþjóðlegt íþróttamót sem dregur til sín fjölda erlendra keppenda ár hvert. Gríðarlegur uppgangur er í bogfimi íþróttinni, félög eru nú staðsett á Sauðárkróki, Akureyri, Reykjadal og Skotfélag Egilstaða hefur hafið æfingar í bogfimi. Þá er líklegt að Ísfirðingar hefji æfingar innan skamms og nýtt félag í Kópavogi hefur verið stofnað þar sem sprenging hefur orðið í íþróttinni.

Á vegum félagsins er starfandi umhverfisnefnd sem árlega stendur fyrir hreinsunarátaki meðfram þjóðvegum í Reykjadal og þjóðhátiðarnefnd sem sér um hátíðarhöld á 17. júní á Laugum. Þá stendur félagið árlega fyrir félagsvist milli jóla og nýárs og þorrablóts aðra helgi í þorra. Þá styrkti félagið 5 ungmanni vegna þátttöku í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ á Laugum í Sælingsdal. Á haustmánuðum ársins 2011 stóð

félagið fyrir undirskriftarsöfnun þar sem farið var fram á aðgerðir til þess að draga úr hraðakstri á þjóðvegi eitt í gegnum þéttbýlið á Laugum. Í framhaldi af því var s.l. sumar sett upp upplýsingaskilti sem segja til um þann hraða sem viðkomandi er á. Þessi aðgerð hefur þegar sannað gildi sitt, en ljóst er þó að grípa þarf til enn róttækari aðgerða ef varanlegur árangur á að nást til þess að draga úr of hröðum akstri á þessu svæði.



## Ungmennafélagið Einingin

Þorrablót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. Halda átti uppá 17. júní í Halldórsstaðaskógi en sú samkoma frestaðist. Einingin fékk styrk frá Landsbankanum til að halda áfram að bæta aðgengi að Aldeyjarfossi. Fyrir jólín tók Einingin þátt í aðventudegi og seldi greinar til fjároflunar. Þrír félagar úr Einingunni mættu á ársþing HSP á Raufarhöfn í febrúar.



Fótbolti var spilaður vikulega á vellinum í sumar og var þátttaka góð að vanda.

Einingarmeðlimir ásamt fleiri fótbaltaáhugamönnum spiluðu einnig fótbolta einu sinni í viku s.l. veturni í Íþróttihúsini á Laugum. Eins æfa nokkrir krakkar íþróttir á vegum Bjarma á Stórutjörnum yfir vetrartímann. Íþróttamenn frá Einingarinnar stóðu sig að venju með miklum sóma hvar sem þeir tóku þátt á móturnum og stóðu sig vel.

F.h. U.M.F.E  
Sigurlína Tryggvadóttir

## Ungmennafélagið Gaman og alvara

Starfsemi félagsins á nýju ári hófst að venju með þrettándagleði þann 5. janúar og tókst hún mjög vel í alla staði. Samkvæmt venju var frábær flugeldasýning, bingó og kökuhláðborð þar sem allir koma með eitthvað á og var það hið glæsilegasta. Einnig voru veittar viðurkenningar m.a. fyrir snyrtilegasta býlið og bestu smákökurnar.



Það verður að viðurkennast að starfsemi félagsins er ekki upp á marga fiska nú frekar en undanfarin ár. Reyndar var þriggja kvölda félagsvist spiluð í haust en hefðum við viljað sjá aðeins fleira fólk en það gengur bara betur næst. ☺



Við gátum boðið börnunum okkar upp á að æfa blak, sund og körfubolta og var það í samvinnu við Bjarma líkt og undanfarin ár en þátttakan var því miður ekki mikil og má segja að fækkan barna eigi þar stóran hlut að máli.

Líknarnefnd sa um að gefa 70 ára og eldri á félagssvæðinu jólagjöf eins og venja er til hvort sem fólk er félagsmaður eður ei. Konfekt frá Nóna Sírus var valið í pakkann þetta árið, en misjafnt er hvað er gefið þó að oftast sé það eitthvað gómsætt!

F.h. U.M.F. Gaman og alvara  
Hrefna Sævarsdóttir  
gjaldkeri

## Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var með hefðbundu sniði og undanfarin ár. Aðalstarfsemin snýst um knattspyrnu og voru haldnar innanhúsæfingar yfir vetrartímann fyrir 12 ára og yngri. Um sumarið voru eingöngu æfingar fyrir 12 ára og yngri og voru þær tvívar í viku. Mæting var þokkaleg fyrri hluta sumars en lakari þegar leið á sumarið, en eins og áður hafa krakkar úr Eflingu einnig verið á æfingum hjá okkur. Þjálfari var Hörður Flóki Ólafsson.

Hjá okkur er orðið frekar fámennt í sumum aldursflokkum og aldursbilið nokkuð á æfingum. Þá fara nokkrir krakkar til Húsavíkur og æfa með Völsungi og geta þá verið að æfa með sínum jafnöldrum. Ekkert utanhúsknattspyrnumót var haldið á vegum HSP á árinu og tókum við því ekki þátt í neinu móti. Starfsemin hjá félagini snýst eingöngu knattspyrnu og því var ekkert annað um að vera. Aðsókn að tjaldsvæði félagsins var þokkaleg í sumar.

Árni Garðar Helgason  
formaður

## Ungmennafélagið Leifur heppni

Prettándabrennan árlega var haldin í víkinni við Lónin 6. janúar. Á eftir var grímuball í Skúlagarði þar sem var dansað, sungið og farið í leiki. Öll börn fengu glaðning.

Ásbyrgismót: 13. – 15. júlí var Ásbyrgismótið haldið á gamla vellinum í Ásbyrgi. Kept var í hinum ýmsu greinum frjálsra íþrótta sem og fótbolta. Leifur heppni sá um sjoppuna, sem er aðal tekjulind félagsins.

Íþróttaæfingar: Frjálsíþróttæfingar á íþróttavellinum í Lundi hófust að þessu sinni í lok maí. Ákveðið var að hefja æfingar strax þar sem mæting er yfirleitt betri fyrri hluta sumars. Magnea Dröfn Hlynssdóttir og Silja Rún Stefánsdóttir sáu um æfingarnar líkt og árið áður. Börnin eru á aldrinum 5 – 16 ára. Æfingarnar voru haldnar í samstarfi við Ungmennafélag Öxarfjarðar. Rúta sá um að sækja börn heim til sín og keyra á æfingarnar og skila svo aftur heim að æfingum loknum.

Ferð í Vesturdal: Þau börn og unglingsar sem höfðu tekið þátt í íþróttæfingunum mættu upp í Vesturdal í lok sumars með foreldrum. Þar var farið í leiki, grillaðar pylsur og áttu allir góða stund saman í blíðskaparveðri.

Ásbyrgismótsnefnd: Mynduð var nefnd um Ásbyrgismót þar sem hvert félag hinna fimm sem eiga aðild að mótinu, leggur til einn nefndarmann. Á þessi nefnd að standa að mótinu og fer með heildarskipulag mótsins. Nefndarmaður Leifs heppna 2012 var Inga Fanney.

Stjórn: Inga Fanney Sigurðardóttir – formaður  
Aðalsteinn Örn Snæþórsson – gjaldkeri  
Stefán Viðar Sigtryggsson – ritari

## **Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2012**

- 1 Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar
- 2 Boltafélag Húsavíkur
- 3 Golfklúbbur Húsavíkur
- 4 Golfklúbbur Mývatnssveitar
- 5 Golfklúbburinn Gljúfri
- 6 Golfklúbburinn Hvammur
- 7 Golfkúbburinn Lundur
- 8 Hestamannafélagið Feykir
- 9 Hestamannafélagið Grani
- 10 Hestamannafélagið Snæfaxi
- 11 Hestamannafélagið Þjálfí
- 12 Íþróttafélag Laugaskóla
- 13 Íþróttafélagið Magni
- 14 Íþróttafélagið Völsungur
- 15 Mývetningur íþróttá- og ungmennafélag
- 16 Skákfélagið Goðinn
- 17 Skotfélag Húsavíkur
- 18 Ungmennafélag Langnesinga
- 19 Ungmennafélagið Afturelding
- 20 Ungmennafélagið Austri
- 21 Ungmennafélag Bakkaþjóðar
- 22 Ungmennafélagið Bjarmi
- 23 Ungmennafélagið Efling
- 24 Ungmennafélagið Einingin
- 25 Ungmennafélagið Gaman og alvara
- 26 Ungmennafélagið Geisli
- 27 Ungmennafélagið Leifur Heppni
- 28 Ungmennafélag Reykhverfunga
- 29 Ungmennafélagið Snörtur
- 30 Ungmennafélag Tjörnesinga
- 31 Ungmennafélag Öxfirðinga